



# Ársskýrsla

**Ungmennafélags Selfoss**  
starfsárið 2010





# Ársskýrsla

## Ungmennafélags Selfoss starfsárið 2010

Skýrsla stjórnar .....	2	Frjálsíþróttadeild .....	47
Rekstur íþróttavallarsvæðis .....	5	Handknattleiksdeild .....	48
Íþróttá- og útivistarklúbburinn .....	6	Unglingaráð handknattleiksdeilda .....	49
Jólasveina- og þrettándanefnd .....	6	Handboltaakadémía .....	50
		Júðódeild .....	52
<i>Skýrslur deilda:</i>		Knattspyrnudeild .....	52
Fimleikadeild .....	7	Unglingaráð knattspyrnudeilda .....	54
Frjálsíþróttadeild .....	11	Mótokrossdeild .....	55
Handknattleiksdeild .....	16	Sunddeild .....	56
Júðódeild .....	20	Taekwondodeild .....	57
Knattspyrnudeild .....	22	Kraftlyftinganeftnd.....	58
Mótokrossdeild .....	29	Mynjaverndarsjóður knattspyrnudeilda.....	59
Sunddeild .....	30		
Taekwondodeild .....	33	Lög Ungmennafélags Selfoss .....	60
Kraftlyftinganeftnd.....	35	Formenn Umf. Selfoss frá upphafi .....	62
		Björns Blöndal bikarinn .....	62
<i>Reikningar félags og deilda:</i>		UMFÍ bikarinn – deild ársins .....	62
Framkvæmdastjórn .....	37	Hafsteins bikarinn .....	63
Samstæðureikningur Umf. Selfoss .....	40	Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar .....	63
Rekstur íþróttavallarsvæðis .....	43	Viðurkenningar á aðalfundi 2010 .....	63
Fimleikadeild .....	45	Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi .....	63
Fimleikaakadémía .....	46	Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2009 .....	64



## Skýrsla stjórnar

Í byrjun árs samdi aðalstjórn við knattspyrnudeild um áframhaldandi rekstur íþróttavallasvæðisins og gildi samningurinn út árið. Júddóeild sá um rekstur æfingahúsnæðis í Gagnheiði 3 eins og hún hefur gert undanfarin ár, en þar hafa júddóeild og taekwondodeild æfingaaðstöðu. Félagið rekur einnig félagsheimilið Tíbrá við Engjaveg 50.

### Starfið vex á hverju ári

Starf félagsins þegar á heildina er litið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og var einnig svo á síðasta ári. Stærstu deildirnar þ.e. knattspyrnudeild, fimleikadeild og handknattleiksdeild hafa sjaldan verið blómlegri. Fjöldi keppnisliða sem tekur þátt í Íslandsmótum í þessum greinum skiptir tugum og árangurinn verður betri með hverju árinu.

Frjálsíþróttadeild hefur staðið sig frábærlega miðað við afar lélegar æfinga- og keppnisaðstæður, en nú hyllir loks undir betri tíð í þeim efnum á Selfossi.

Júddó og taekwondo hafa verið í sókn og þá sérstaklega taekwondo. Taekwondodeildin hefur staðið fyrir æfingum á Stokkseyri og Hellu auk æfinga á Selfossi.

Sunddeildin hefur verið í stöðugri sókn síðustu ár og náð að byggja upp öflugt barna- og unglingsstarf.

Nýir og öflugir einstaklingar komu að stjórn mótókrossdeilda og hefur starf deildarinnar verið gott á árinu.

Sama má segja um kraftlyftingadeild, en nýju lífi var blásið í hana á árinu.

### Fjöldi funda

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 13 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 9 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi a.m.k. einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK og fleiri aðilum.

### Sjöunda fyrirmyndardeildin

Júddóeild fékk í byrjun október afhenta gæðaviðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ. Alls eru fyrirmyndardeildir

innan Umf. Selfoss því orðnar sjö talsins. Áður hafa fimleikadeild, sunddeild, handknattleiksdeild, knattspyrnudeild, taekwondodeild og frjálsíþróttadeild hlotið viðurkenningar. Sveitarfélagið Árborg veitir deildum félagsins styrk upp á 700.000 kr. fyrir að fá útnefningu og síðan árlega 400.000 kr. næstu þrjú ár eða þar til endurnýjun fer fram.

### Glæsileg knattspyrnuaðstaða

Úrvalsdeldarlið Selfoss í knattspyrnu lék heimaleiki sína á gervigrasvellingum fyrri hluta Íslandsmótsins. Í byrjun maí voru settir upp áhorfendabekkir við völlinn, ásamt fjölmiðlaaðstöðu til að koma til móts við kröfur leyfiskerfis KSÍ. Þann 21. mars var tekin fyrsta skólfustungan að nýrri áhorfendastúku við knattspyrnuvöll félagsins. Nýja stúkan, sem tekur 750 manns í sæti, var svo formlega vígð 19. ágúst. Jafnframt var nýr knattspyrnuvöllur tekinn í notkun. Vígluleikurinn, sem var á milli Selfoss og Keflavíkur í úrvalsdeldinni, fer í sögubækur félagsins þar sem Selfoss vann frækinn 3:2 sigur.

### Bylting í æfingaaðstöðu í frjálsum

Framkvæmdir við nýjan frjálsíþróttavöll, sunnan við knattspyrnuvöllinn, stóðu yfir í allt sumar og lauk að mestu í byrjun vetrar. Þar er að verða til einn glæsilegasti frjálsíþróttavöllur landsins. Aðstaða til æfinga og keppni í frjálsum íþróttum á Selfossi mun gjörbyltast með tilkomu þessa svæðis. Samhliða gerð vallarins var útbúið sérstakt æfingarsvæði fyrir kastgreinar sunnan við eldri æfingavöllinn. Fyrirhugað er að taka völlinn í fulla notkun vorið 2011.

### Metnaðarfull útgáfa

Félagið gaf út vandaða ársskýrslu í tengslum við aðalfundinn þar sem fram kom yfirlit yfir starf allra deilda. Í ársskýrslunni voru einnig birtir reikningar félagsins, deilda og vallarstjórnar. Aðalfundur deilda voru í febrúar og mars, en knattspyrnudeild hélt sinn fund í nóvember. Umf. Selfoss hefur haldið úti öflugri heimasíðu ([www.umfs.is](http://www.umfs.is)) sem er með þeim bestu hér á landi. Fá íþróttafélög eru jafnvirk að



setja inn fréttir og upplýsingar af starfi sínu. Knattspyrnu-deildin gaf út árlegt rit sitt Tuðruna s.l. sumar og í desember gaf handknattleiksdeildin út Handboltblað Selfoss.

## Íþrótt- og tómskundaskólinn

Íþrótt- og tómskundaskólinn var rekinn í júní og júlí sem samvinnuverkefni allra deilda eins og árið á undan. Íþrótt- og útvistarklúbburinn, eins og hann er kallaður, er fyrir börn á aldrinum 5-10 ára og er rekinn sem liður í þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá þar sem börnin fengu að spreyta sig í öllum greinum.

## Frábært íþróttarár Selfoss

Íþróttalega var árið 2010 frábært hjá Umf. Selfoss. Meistaraflokkur karla í handknattleik vann sér sæti í efstu deild á nýjan leik er þeir urðu deildarmeistarar. Liðinu gekk síðan ekki sem skyldi í vetur og féll niður um deild. Nógur efniviður er til staðar á Selfossi og næsta víst að liðið fer aftur upp í hóp þeirra bestu áður en langt um liður. Þá lék knattspyrnu-lið Selfoss í fyrsta skipti í efstu deild karla síðastliðið sumar. Því miður náði liðið ekki að halda sér í Pepsi-deildinni. Sumarið var engu að síður frábært og aðsókn að knattspyrnuleikjum hefur aldrei verið meiri á Selfossi. Leikmenn og aðstandendur liðsins fengu ómetanlega reynslu og koma sterkir til leiks sumarið 2011, staðráðnir í að vinna sér sæti í efstu deild aftur.

Stelpurnar í 3. flokki stóðu sig frábærlega er þær fóru ósigráðar í gegnum Íslandsmótið og urðu Íslandsmeistarar. Var þetta annar Íslandsmeistaratitill félagsins í 11 manna liðum, en 2. flokkur karla varð Íslandsmeistari 1967.

Fimleikastelpur Selfoss náðu þeim einstaka árangri að komast á Evrópumót í hópfimleikum sem haldið var í Svíþjóð í október. Liðið enduðu í 8. sæti af 16 liðum sem er frábær árangur. Gerplustelpur unnu gull á mótinu. Á sama móti voru tvær Selfoss-stelpur í unglingslandslíði Íslands sem vann til bronsverðlauna. Þá vann lið Selfoss sér keppnisrétt á Norðurlandamóti juniora en varð að hætta við þátttöku vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Margir einstaklingar náðu glæsilegum árangri með því m.a. að vinna Íslandsmeistaratitla eða meistaramótstitla í fimleikum, frjálsum íþróttum, júdó, kraftlyftingum og

tækwondo. Nokkrir einstaklingar komust á Norðurlandamót, kepptu með landsliðum Íslands eða voru valdir á landsliðsæfingar.

## Ragnar og Guðmunda íþróttafólk Árborgar

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var í lok árs voru þau Ragnar Jóhannsson, handknattleiksmaður, og Guðmunda Brynja Óladóttí, knattspyrnukona, útnefnd íþróttamaður og íþróttakona Árborgar 2010.

## Öflugt sjálfbóðaliðastarf

Mikið sjálfbóðaliðastarf er unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst fjölda foreldraráða. Þetta öfluga sjálfbóðaliðastarf er grunnurinn að góðum árangri félagsins og í raun ómetanlegt framlag til samfélagsins sem við búum í hér í Sveitarfélaginu Árborg. Nokkur mót hafa unnið sér fastan sess í sögu félagsins. Þau helstu eru Grylupottahlaupið, sem fer fram sex helgar í apríl og maí, Brúarhlaupið í byrjun september og Ragnarsmótið í handbolta í byrjun september. Þá var Ólísmót 5. flokks í knattspyrnu haldið aðra helgina í ágúst, Þórðarmótið í sundi í nóvember og Minningarmót um Magnús Örn Garðarsson í fimleikum á vormánuðum.

## Parkour hjá fimleikadeild

Fimleikadeild hélt að vanda glæsilega fimleikasýningu rétt fyrir jól. Allir iðkendur deildarinnar taka þátt í sýningunum sem voru þrjár talsins og var fullt á þeim öllum. Á vormánuðum bauð fimleikadeild upp á æfingar í svokölluðu Parkour eða Free Running. Greinin hefur notið mikilla vinsælda og er greinilega komin til að vera á Selfossi.

## Getraunastarf á hverjum laugardegi

Getraunastarf hefur verið mjög öflugt innan knattspyrnudeildar á árinu. Á hverjum laugardegi hittist hópur fólks í félagsheimilinu Tíbrá og tippaði yfir kaffibolla og góðu meðlæti.

## Jólasveinþjónusta og þrettándinn

Í desember sá félagið að vanda um jólasveinakomu á Tryggvatorgi og ýmsa aðra þjónustu er tengist sveinum úr Ingólfsfjalli. Þrettándagelíði var haldin með blysför, brennu

# Skýrsla stjórnar



og veglegri flugeldasýningueins í samvinnu við Björgunar-  
sveit Árborgar eins og hefð hefur verið um langt árabíl.

## Unglingalandsmót á Selfossi 2012

Á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgins var tilkynnt að 15. Unglingalandsmótið yrði haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina 2012. Landsmót UMFÍ verður svo haldið á Sefossi 2013. Undirbúningur fyrir mótin er nú þegar hafinn.

## Bjart framundan

Því er oft fleygt fram að Selfoss sé sannkallaður íþróttabær. Undir það má með sannri taka því íþróttalíf er mjög fjölbreytt í sveitarfélaginu. Margar íþróttageinar eru stundaðar og í flestum þeirra er afreksfólk í fremstu röð hér á landi. Árlega

vinnast margir Íslandsmeistararitlar, bæði í flokkaíþróttum og einstaklingsíþróttum. Miklar framfarir hafa orðið undanfarin ár. Má það að mörgu leiti rekja til aukins metnaðar í þjálfun og bættri aðstöðu. Akademiurnar hafa gefið ungu íþróttafólki okkar tækifæri til að ná lengra og stefna hærra í íþrótt sinni. Einnig er öll umgjörð og vinna t.d. í kringum meistaraflokkana orðin mun faglegri og metnaðarfyllri. Vel er haldið utan um yngri flokka starfið og er óhætt að fullyrða að krakkar frá Selfossi eru ávallt í fremstu röð á þeim mótum sem þau taka þátt í. Framtíðin er því björt á Selfossi.


*F.h. framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss*


*Grímur Hergeirsson formaður*

*Örn Guðnason framkvæmdastjóri*

## Fjöldi iðkenda innan Ungmennafélags Selfoss

Fædd 1983–2004. Skv. félagatali 1. janúar 2011





Árið 2010 var tímamótaár í sögu Selfossvallar. Nýr glæsilegur knattspyrnuvöllur var tekinn í notkun ásamt 750 manna áhorfendastúku. Þá lauk einnig að mestu framkvæmdum við nýjan frjálsíþróttavöll sem tekinn verður í notkun í maí 2011.

Þetta mikla framkvæmdaár hófst með hefðbundnum verkefnum í upphafi árs sem fólst m.a. í því að hafa umsjón og eftirlit með vallarsvæðinu, sjá um þrif og hreinsun, auk ýmissa viðhaldsverkefna. Yfir sumartímann hefur verið unnið að því að undirbúa svæðið fyrir leiki, æfingar og mót. Einnig viðhaldi tækja og áhalda, ræstingu húsa og almennum þrifum og hreinsun. Golfklúbbur Selfoss sá um slátt og umhirðu grasvalla eins og síðastliðið ár.

Á vordögum var farið í umtalsverðar framkvæmdir við gervigrasvöllinn. Fólst það helst í því að uppfylla kröfur leyfiskerfis KSÍ í tengslum við þátttöku meistaraflokks karla í Pepsi-deldinni. Nýir áhorfendapallar voru smíðaðir við gervigrasvöllinn og komið upp fjölmiðlaaðstöðu. Einnig voru keyptar girðingar til að loka svæðinu af og leigð salernis-aðstaða.

Fyrsta skóflustunga að nýrri áhorfendastúku við aðalvöllinn var tekin í mars. Framkvæmdir stóðu yfir sleitulaust þar til stúkan var tekin í notkun 19. ágúst en þá fór fram glæsilegur vígsluleikur þar sem Selfyssingar lögðu Keflvíkina 3:2 í Pepsideildinni.

Frjálsíþróttafólk æfði við bágar aðstæður 2009 og 2010 m.a. vegna framkvæmda sem stóðu yfir á íþróttavallarsvæðinu. Reynt var að búa til bráðabirgðaaðstöðu við hlið gervigrasvallarins þar sem útbúnar voru tvær hlaupabrautir, stökkgrýfja og kasthringur. Með tilkomu nýja frjálsíþróttavallarins gjörbreytist aðstaða frjálsíþróttafólks til æfinga og keppni og verður með því besta á landinu. Sérstakt kastsvæði var búið til suðurenda vallarsvæðisins.

Allir flokkar knattspyrnudeildar, hafa æft á gervigrasvellinum allt árið. Meistaraflokkur æfði á grasæfingasvæðinu um leið og svæðin voru tilbúin í júní. Einnig nýttu eldri flokkarnir grasvellina undir æfingar og leiki. Yngri flokkarnir voru nær eingöngu á gervigrasinu. Nýting þess var mjög

góð allt árið og kom upphitunin sér mjög vel. Knattspyrnuakademía Íslands á Suðurlandi var með æfingar yfir vetrartímann tvisvar í viku fyrir hádegi. Var fyrri önnin eftir áramót og fram á vor og sú seinni frá hausti til áramóta.

Knattspyrnufélagið Árborg æfði einnig yfir vetrartímann á gervigrasinu og á æfingasvæðinu yfir sumartímann. Sumarið 2011 spila þeir í 2. deild og er það í fyrsta sinn í sögu félagsins. Umgjörð leikja stækkar því í 2. deild spila 12 lið og meiri kröfu eru gerðar.

Í apríl og maí og frá því í ágúst og fram eftir hausti komu oft krakkar úr grunnskólunum og voru með æfingar og leiki í umsjón íþróttakennara sinna. Nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands hafa einnig nýtt gervigrasvöllinn til æfinga og leikja. Þá kom hópur eldri spilara og lék listir sínar á gervigrasinu í hádeginu part úr árinu. Íþrótt- og tómskundaskóli Árborgar var starfræktur í júní, júlí og ágúst.

Notkun félagsheimilisins Tíbrár hefur aldrei verið meiri en undanfarið ár. Fundum stjórna, nefnda og ráða hefur fjölgað mikið og hafa báðir salirnir oft verið fullbókaðir heilu vikurnar. Fjóra daga í viku var boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir krakka í íþróttakademíunum. Fastir liðir eins og starfsemi jólasveinanevndar, Grýlupottahlaupið, Olísmótið og starfsemi getrauna voru á sínum stað.

Notkun á íþróttavallarsvæðinu hefur aukist ár frá ári. Leikjum og æfingum hefur fjölgað og fjöldi áhorfenda margfaldast. Þrátt fyri mikla notkun vallarsvæðisins hafa notendur ávallt verið tilbúnir til að hliðra til hver fyrir öðrum og tekið tillit til framkvæmda á svæðinu í hvívetna. Helsta vandamál vallarsvæðisins hefur tengst skorti á búningsaðstöðu og var haft gott samstarf við íþróttahúsið lðu til að leysa þau mál sem best.

Áætlaður heildarföldi iðkenda 2010 var eftirfarandi:

Iðkendur	Karlar	Konur	Samtals
16 ára og eldri	13.000	2.000	15.000
15 ára og yngri	23.000	7.000	30.000
Iðkendur samtals	36.000	9.000	45.000

Sveinbjörn Músson, vallarstjóri  
Örn Guðnason, framkvæmdastjóri

# Íþrótt- og útivistarklúbburinn

## Sumarið 2010

Íþrótt- og tólmundaskóli Ungmennafélags Selfoss og Árborgar var starfræktur sumarið 2010. Boðið var upp á fjögur námskeið þá sumarið en öll voru tvær vikur að lengd. Fyrsta námskeiðið hófst 7. júní og lauk því síðasta 30. júlí. Stefán Árnason var skólastjóri í íþróttaskólanum að þessu sinni en þetta er í fyrsta skipti sem hann er yfir skól- anum. Auk hans voru 19 starfsmenn í upphafi sumars vinn- andi á námskeiðinu.

Starfsmennirnir voru á aldrinum 15-20 ára allir tengdir Umf. Selfoss á einn eða annan hátt. Ákveðið var að taka við mörgum þetta mörgum starfsmönnum til að bjóða sem flestum upp á vinnu en í staðinn myndu þau ekki fá fulla vinnu. Starfsfólkið stóð sig vel yfir sumarið en hversu mik- inn fjöldi af starfsmönnum á að ráða fyrir næstu námskeið þarf að skoða áður en þau námskeið hefjast.

Íþróttaskólinn hafði aðsetur í Vallaskóla allt sumarið að fyrstu vikunni undanskilinni en þá höfðum við aðsetur í Tíbrá þar sem Vallaskóli var ekki tilbúinn. Þurftum við því að flytja eftir fyrri vikuna af tveimur í fyrsta námskeiði yfir í skólann. Best væri auðvitað að íþróttaskólinn hefðu sömu aðsetur allt sumarið og auðveldast upp á alla starfsemi.

Aðstaðan sem við höfðum í Vallaskóla (og reyndar Tíbrá einnig) var mjög góð og kunnum við þeim í skólanum bestu þakkir fyrir að fá afnot af skólanum. Í Vallaskóla feng- um við afnot af tveimur kennslustofum til að vera í. Þar var tekið á móti krökkunum og dagurinn endaður þar. Þar er einnig góð aðstaða til að matreiða mat handa krökkunum á námskeiðinu sem og aðstaða til að taka nestistíma og hádegismatinn á.

Námskeiðin voru misjafnlega sótt. Það fyrsta var mjög

fjölmennt og hin námskeiðin ekki eins mikið. Þar spilaði eflaust inni að fjölmargt var í boði fyrir krakka á Selfossi þetta sumarið. Til dæmis voru fótboltnámskeið, fimleika- námskeið og körfuboltnámskeið á boðstólunum á sama tíma og okkar námskeið.

Krakkarnir sem komu til okkar stóðu sig frábærlega og voru bæði mjög duglegir og skemmtilegir. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá fyrir þau bæði innanhúss og utan. Bergur í íþróttahúsinu veitti okkur frábæra þjónustu um að vera þar inni og var skólinn að nokkru leyti þar, sérstaklega þegar veður var ekki sérstakt.

Á námskeiðunum voru hinar ýmsu íþróttir kynntar fyrir krökkunum og sérstaklega farið í þær íþróttir sem Umf. Selfoss starfrækir. Í íþróttahúsinu gafst gott tækifæri til að fara í þær flestar. Gott veður var lengst af um sumarið og því auðveldlega hægt að bjóða upp á mikla útiveru. Utandyra gerðum við fjölmargt. Þar var, eins og inni í íþróttahúsinu, farið í mismunandi íþróttir, mikið af leikjum, hjólaferðir, ratleiki og sundferðir svo fátt eitt sé nefnt. Í lok hvers námskeiðs voru svo ferðir. Þær voru annað hvort innanbæjar eða að farið var í heimsókn á staði í nágrenni Selfoss. Þar er hægt að nefna íþróttadag á Laugarvatni og heimasókn á Stokkseyri. Ferðirnar gáfust afar vel og voru mjög vinsælar hjá krökkunum.

Starfið gekk vel sumarið 2010 og margt hægt að læra af því. Mikil ánægja var meðal þeirra sem sóttu námskeiðin og krakkarnir ánægðir sem er það sem öllu skiptir. Þrátt fyrir það er hægt að læra af þessum tíma og gera enn betur næsta sumar. Þá reynum við að fá enn fleiri í skólann og ennþá skemmtilegri námskeið.

*Stefán Árnason, skólastjóri*

## Jólasveina- og þrettándanefnd

### 34. starfsárið - 2010

Í nefndinni voru: Þórarinn Ingólfsson, Guðmundur, Þröstur og Svanur Ingvarssynir.

Starfið hófst í desember með fundi í Tíbrá þar sem bún- ingar voru afhentir, farið yfir starfið og jólalögin sungin við undirleik okkar snjöllu harmónikkuleikara.

Jólasveinarnir komu á Tryggvatorg laugardaginn 11. des- ember kl. 16 og heilsuðu upp á bæjarbúa. Grýla og Leppa- lúði voru með í för og dönsuðu þau á þaki hótelsins ásamt þeim Leppi og Skreppi. Það voru fagnaðarfundir er jóla- sveinarnir komu á torgið og eins og venjulega tók þá drjúga stund að komast í gegnum mannfjöldann og tala við börnin. Það er sennilega einsdæmi á landinu sú mikla nálægð við jólasveinana sem börnin á Selfossi fá að njóta. Kveikt var á jólatrénu í 20. sinn við þetta tækifæri. Áður en jólasveinarnir mættu á torgið söng Karlakór Selfoss og ávörp voru flutt. Dagskráin gekk fljótt og vel fyrir sig við söng og dans í fallega skreyttum miðbænum.


Það voru um 33 ungmennafélagar sem brugðu sér í búnging einu sinni eða oftari um þessi jól, enda var mikið að

gera. Að frátaltri innkomunni, Aðfangadegi og Þrettánd- anum, fóru bræðurnir á 27 jólasveinir hverskonar, sem er aukning frá í fyrra ári. Á Aðfangadagsmorgun voru 33 jólasveinar á ferð um bæinn og afhentu pakka í 240 húsum, sem er heldur meira en undanfarin ár.

Þrettándagleðinni var frestað til laugardags 8. janúar vegna veðurs. Ágætar aðstæður voru þá en heldur færri mættu en venjulega. Grýla, Leppalúði, Leppur og Skreppur voru í fararbroddi á vagninum góða og spiluð þrettánda- tónlist af disk. Í annað sinn mætti hið gríðarstóra Jórutröll í gönguna, í fylgd og umsjá einkaaðila, og setti skemmtile- gann svip á hana. Álfabrennan var í sjötta sinn á tjaldstæð- inu við Gesthús. Flugeldasýningin var glæsileg sem björg- unarsveitin aðstoðaði við í 9. sinn og lánaði til þess rafbún- að. Þetta kvöld sinntu 32 ungmennafélagar hinum ýmsu störfum við þrettándahátíðarhöldin.

Jólasveina- og þrettándanefndin þakkar öllum þeim sem komu að starfinu á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir eru til bæjarbúa fyrir góðar undirtektir

*F.h. jólasveina- og þrettándanefndar,  
Svanur Ingvarsson*



## Skýrsla stjórnar – starfsárið 2010

### Helstu verkefni stjórnar fimleikadeildar

Á aðalfundi fimleikadeildar Umf. Selfoss 23. mars 2009 voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Birgir Ásgeir Kristjánsson formaður, Silja Sigríður Þorsteinsdóttir gjaldkeri, meðstjórnendur Guðfinna Tryggvadóttir, Ingunn Guðjónsdóttir, Ástfríður Sigurðardóttir, Óskar Andreassen og Sævar Gunnarsson, Rannveig Anna Jónsdóttir, Helga Dagmar Emilsdóttir og Auður Svala Heiðarsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Guðfinna Tryggvadóttir var kosinn varaformaður og Ingunn Guðjónsdóttir ritari.

Fastir stjórnarfundir eru í fyrstu viku hvers mánaðar á meðan á æfingum stendur og eru fundirnir haldnir í Tíbrá, húsnæði Umf. Selfoss. Yfirþjálfari deildarinnar, Olga Bjarnadóttir, situr stjórnarfundum meðan fjallað er um málefni sem sérstaklega snerta starf hennar.

Stjórn deildarinnar hefur yfirumsjón með fjárfloðum deildarinnar sem er sala á SÁÁ-álfinum að vori og friðarkertum Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir jól. Iðkendur hafa verið ötulir við sölu undanfarin ár og gekk salan ágætlega á árinu.

Fulltrúar deildarinnar sækja fundi Fimleikasambands Íslands, ársþing Héraðssambandsins Skarphéðins og aðalfund Umf. Selfoss. Þá sækir formaður fundi aðalstjórnar Umf. Selfoss sem haldnir eru mánaðarlega.

### Fréttir af starfi deildarinnar

Vefur ungmennafélagsins hefur í auknu mæli verið vettvangur fréttu af starfi deildarinnar og hefur Olga Bjarnadóttir, yfirþjálfari deildarinnar í samstarfi við Ragnheiði Thorlacius haft veg og vanda að fréttaskrifum deildarinnar.

### Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðanna er að standa vörð um hagsmuni iðkenda, efla samskipti milli foreldra annars vegar og stjórnar deildarinnar og þjálfara hins vegar, stuðla að vellíðan iðkenda í leik og starfi, stuðla að betri árangri, standa að baki iðkendum við fjáraflanir og hafa áhrif á starf iðkenda og aðbúnað.

Foreldraráðin í elstu hópunum hafa verið mjög virk og staðið frábærlega við bakið á hópunum t.d. við fjáraflanir vegna æfinga og keppnisferða.

### Iðkendur og æfingar

Síðasta ár var annað heila árið sem æfingar deildarinnar hafa verið í Baulu, íþróttahúsi Sunnulækjarskóla. Íþróttahús Sunnulækjarskóla er byggt með æfingaaðstöðu fyrir fimleika í huga. Með aðstöðunni í Baulu gjörbreyttist aðstaða deildarinnar og hefur án efa átt stóran hluta í þeirri miklu framþróun sem fimleikar á Selfossi eru í. Nú er hinsvegar komin upp sú staða að húsið er farið að þrengja að starfsemi. Síðastliðið haust var því miður ekki hægt að taka við öllum börnum sem vildu æfa fimleika og mynduðust því biðlistar af krökkum sem vildu æfa.


Heildaræfingatími hópa á viku er mismunandi, frá einni klukkustund á viku upp í tíu klukkustundir eftir aldri og getu. Iðkendur á síðasta ári voru 378 sem er nánast sami iðkenda fjöldi og árið áður. Sem betur fer hefur ekki orðið fækkun í deildinni þrátt fyrir erfitt ástand í þjóðfélaginu en sú hættu vofir þó enn yfir barna og unglíngastarfi íþróttafélaga landsins.

Alls er æft í 25 hópum. Tíu hópar eru blandaðir að kynjum. Tveir hópar eru fyrir 5 ára börn og tveir hópar fyrir 4 ára börn á haustönn. Keppnishópar eru 11-13 þar af eru 9 hópar sem keppa mikið en aðrir minna. Þjálfarar sem störfuðu hjá deildinni á síðasta ári voru alls 18 og fækkaði þeim um 4 á milli ára.

### Parkour

Á síðasta ári fór deildin af stað með reglubundnar æfingar í Parkour sem er einskonar jaðaríþrótt fimleikanna. Parkour felst meðal annars að hlaupa upp veggjum, hoppa yfir girðingar og taka heljarstökk afturábak niður af byggjum. Íþróttin nýtur vaxandi vinsælda hér á landi og nú er æft í tveimur parkour hópum hjá deildinni. Þessi nýjung hefur orðið til þess að strákum hefur fjölgað í deildinni þar sem þeir eru í miklum meirihluta iðkenda parkour.

# Fimleikadeild



## Fullorðinsfimleikar

Þegar fimleikadeildin flutti í Baulu opnaðist möguleiki á að hefja æfingar fyrir fullorðna. Sú nýbreytni hefur sannarlega mælst vel fyrir og í dag æfa um 16 fullorðnir einstaklingar tvisvar í viku hjá deildinni.

## Íþróttaskólinn

Fimleikadeildin starfrækti „Íþróttaskólann“ bæði að vori og hausti árið 2010 eins og undanfarin ár. Skólinn, sem er fyrir 2–4 ára börn, er undir stjórn Steinunnar H. Eggertsdóttur kennara og þjálfara og Heiðrúnar Jóhannu Heiðarsdóttur íþróttafraeðings.

Aðsókn að skólanum hefur verið mjög mikil og var hann rekinn í þremur hópum á vorönn en í tveimur hópum á haustönn. Þetta framtak deildarinnar mælist einkar vel fyrir hjá foreldrum og börnum. Nemendur í íþróttaskólanum hafa líka skilað sér vel inn á æfingar þegar þeir hafa aldur til.

## Mót og aðrir viðburðir

Auk æfinga taka iðkendur deildarinnar þátt í fjölmörgum mótum á ári hverju og síðasta ár var engin undantekning að því leyti. Fjallað er sérstaklega um þátttöku og árangur iðkenda á mótum árið 2010 í sérstakri samantekt.

Héraðsmót HSK í hópímleikum fór fram í íþróttahúsi Vallaskóla 27. mars 2010. Mótið var fjölmennt að vanda og tókst vel í alla staði. Afmælisbragur var á mótinu í tilefni 100 ára afmæli sambandsins og gaf HSK öllum þátttakendum afmælispena. Einnig gæddu dómarar, þjálfarar og aðrir starfsmenn mótsins sér á afmælistertu sem bökuð var í Guðnabakarí og vakti það mikla lukku.

Alls mættu 24 lið til leiks frá fjórum félögum en keppt var í sex flokkum. Þetta var í fyrsta skipti sem keppt var í aldursflokkum en tími var kominn til að aldurskipa mótinu sökum fjölda liða. Liðin sem mættu til leiks komu frá Selfossi, Hamri, Þór og Stokkseyri. Selfoss varð stigahæsta lið mótsins líkt og undanfarin ár.

Minningamót var haldið 8. maí í lðu og gekk mótið vel að vanda. Á minningarmótinu er hefð fyrir því að veita viðurkenningar til einstaklinga fyrir framfarir, mætingar ofl. Efnilegasti unglingurinn var valin Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir og félagi ársins var Arna Hjartardóttir. Fyrir framfarir og ástundun fengu tvær stúlkur viðurkenningu en það voru þær Helga Hjartardóttir og Huguína Hlín Gunnarsdóttir. Sú nýbreytni var tekin upp á minningarmótinu á síðasta ári að allir hópar fengu viðurkenningu fyrir sitt sterkasta áhald á mótinu og mæltist það vel fyrir.

## Evrópumót

Meistarahópurinn vann sér inn keppnisrétt á Evrópumótið í hópímleikum sem haldið var í Malmö í Svíþjóð í október 2010. Á mótinu kepptu 18 lið frá Evrópu og óhætt er að fullyrða að stelpurnar frá Selfossi eru í hópi bestu hópímleikaliða í Evrópu því þær enduðu 8. sætinu á mótinu. Mikil og góð stemming myndaðist í kringum ferðina hjá Selfoss liðinu og fylgdi stór hópur stuðningsmanna liðinu til Malmö. Keppni á mótum af þessari stærðargráðu og styrkleika er gríðarleg reynsla fyrir stelpurnar okkar og styrkir þær bæði sem íþróttamenn og einstaklinga.

## Jólasýningin

Jólasýning var haldin 11. desember. Eins og undanfarin ár skipuðu þjálfarar deildarinnar jólasýningarnefnd og var þemað að þessu sinni Fríða og Dýrið. Eins og undanfarin ár tóku allir iðkendur þátt í sýningunni ásamt þjálfurum sínum og er óhætt að segja að sýningin hafi slegið í gegn hjá áhorfendum.

Í ár var sýningin mjög fjölbreytt, en skemmtileg viðbót frá fyrra ári voru parkour-krakkar, eldri strákahópur og svo hópur iðkenda í fullorðinsfimleikum. Allir krakkarnir stóðu sig vel og mátti sjá mikla vinnu liggja á bakvið atriðin og ekki síst búninga og leikmynd. Sögumaður var að þessu sinni Hjörtur Benediktsson, en honum fórst þetta vel úr hendi og setti skemmtilegan svip á sýninguna.

Vinsældir jólasýninga deildarinnar hafa verið gífurlegar undanfarin ár og hefur verið uppselt á báðar sýningar. Því var ákveðið að hafa þrjár sýningar. Skemmst er frá því að segja að húsið var troðfullt á öllum þremur sýningunum. Á milli sýninga var slegið upp kaffihúsastemmingu í anddyrinu þar sem hægt vara að kaupa súpu og brauð ásamt ýmsum öðrum varningi.

Jólasýning deildarinnar er orðin einn fjölsóttasti viðburður á Selfossi og biður fólk spennt eftir að sjá hvað verður tekið fyrir um næstu jól.

## Fimleikamaður ársins

Á jólasýningunni var fimleikamaður ársins tilnefndur. Fimleikamaður ársins 2010 er Arna Hjartardóttir. Í lok árs lenti Arna í öðru sæti í kjöri íþróttakonu Sveitarfélagsins Árborgar.



## Menntun þjálfara og dómara

Fimleikadeild UMFS hefur á að skipa öflugum og vel menntuðum þjálfurum sem hafa verið duglegir við að bæta við sig menntun. Á síðasta ári sótti fjöldi þjálfara FSÍ-þjálfaranámskeið, dómaranámskeið bæði í Teamgym og landsreglum. Eins stunduðu nokkrir þjálfarar fjarnám frá ÍSÍ.

## Þjálfarar deildarinnar 2010

*Yfirþjálfari:* Olga Bjarnadóttir, íþróttakennari  
*Þjálfarar:*

Anna Guðrún Steindórsdóttir, íþróttافرæðingur  
Auður Ingimundardóttir, nemi  
Dagbjört Sævarsdóttir, nemi  
Jóhanna Runólfsdóttir, nemi  
Kristín Magnúsdóttir, nemi  
Laufey Ósk Magnúsdóttir, fimleikaþjálfari  
Linda Ósk Þorvaldsdóttir, fimleikaþjálfari  
Sally Ann Vokes, fimleikaþjálfari  
Sigríður Ósk Harðardóttir, kennaranemi  
Sigrún Ýr Magnúsdóttir, Danskennari  
Steinunn H. Eggertsdóttir, Grunnskólakennari  
Tanja Birgisdóttir, fimleikaþjálfari  
Torbjörn Kápe, fimleikaþjálfari  
Aðstoðarþjálfarar:  
Eva Þórisdóttir  
Eva Grímsdóttir  
Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir  
Margrét Ludvigsdóttir  
Sigrún Jónsdóttir  
Íris Ósk Erlingsdóttir  
Lovísa Dagmar Guðfinnsdóttir  
Unnur Þórisdóttir

*Umsjón með íþróttaskóla:* Steinunn H. Eggertsdóttir grunnskólakennari og Heiðrún Jóhanna Heiðarsdóttir íþróttافرæðingur.

Stjórnin færir öllum þjálfurum deildarinnar bestu þakkir fyrir gott og óeigingjarnt starf á árinu.

## Fimleikaakademía

Fimleikaakademían hefur verið starfrækt frá því í lok ágúst 2008. Vorið 2010 stunduðu 19 stelpur nám við fimleikaakademíu FSU. Haustið 2010 stunduðu 18 stelpur nám við fimleikaakademíu FSU.

Nemendur stunda tvær æfingar á viku í Baulu íþróttasal Sunnulækjarskóla. Þær æfa mikið einstaklingsbundið, setja sér SMART markmið og fylgja þeim eftir með æfinga-áætlunum. Einu sinni í viku stunda nemendur styrktarþjálfun undir leiðsögn sjúkrapjálfa og eru þær æfingar líka einstaklingsbundnar. Unnið er með sprengi- og hámarkskraft og nemendur sem eru lengra komnir stunda ólympískar lyftingar. Í akademíuna hafa komið gestakennarar. Þær hafa farið í Ketilbjöllutíma, vatnsleikfimi, danskennari hefur komið á Selfoss svo eitthvað sé nefnt. Mikil áhersla er lögð á reglusemi nemenda og góða ástundun íþrótt og skóla. Olga Bjarnadóttir hefur yfirumsjón með akademíunni. Arna Hjartardóttir starfar sem sjúkrapjálfi við akademíuna.

## Áhaldakaup og félagsbolir

Áhaldakaup voru í algeru lágmarki á árinu enda stutt síðan deildin í nýtt og fullbúið íþróttahús Sunnulækjarskóla. Ekki voru þó öll áhöldin endurnýjuð við flutningana í Baulu og því er þarf að endurnýja nokkuð af áhöldum eins og til dæmis hlauparenning sem var endurnýjaður á síðasta ári. Einnig var tekin ákvörðun um að endurnýja stökkgölf deildarinnar og náðist samkomulag við sveitarfélagið um það í lok árs.

Sölu félagsbúninga var haldið áfram á árinu. Iðkendur hafa verið mjög duglegir að nota félagsbolinn og setur það skemmtilegan svip á æfingar og mót.

## Frábær árangur

Iðkendum í fimleikum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og iðulega margt um manninn í Baulu á æfingartíma þar sem ávalt eru fleiri nokkrir hópar að æfa í einu. Markvissar æfingar og dugnaður iðkenda hefur skilað sér í frábærum árangri á mótum. Hér að neðan má sjá samantekt á árangri hópanna á þeim mótum sem tekið var þátt í á síðasta ári.

Eins og sjá má á er fimleikafólk á Selfossi í fremstu röð og er þá sama hvort skoðaður árangur meistarahóps deildarinnar eða árangur yngri iðkenda.

# Fimleikadeild



## Úrslit í hópfimleikum

Samantekt á úrslitum 2010

### Reykjavík International 16. janúar

Selfoss Junior 1. sæti 42,20 stig

### Þorramót, byrjendamót 31. janúar

Selfoss HB1 1. sæti 19,30 stig  
 Selfoss F1 4. sæti 15,60 stig  
 Selfoss F2 5. sæti 14,90 stig

### Unglingamót FSÍ 6. og 7. febrúar

*Úrvalsdeild – 1. flokkur*  
 Selfoss HM2 2. sæti 43,50 stig  
*– 2. flokkur*  
 Selfoss HM3 3. sæti 37,05 stig  
 Selfoss HM4 4. sæti 33,00 stig  
*1. deild – 3. flokkur*  
 Selfoss HL1 5. sæti 20,10 stig  
*– 4. flokkur*  
 Selfoss mix 1. sæti 19,75 stig  
*– 5. flokkur*  
 Selfoss HL5 5. sæti 20,00 stig  
 Selfoss HL3 6. sæti 18,85 stig  
 Selfoss HL6 8. sæti 17,65 stig  
 Selfoss HL7 11. sæti 17,10 stig

### Bikarmót FSÍ 13. mars

*Úrvalsdeild – 2. flokkur*  
 Selfoss HM3 2. sæti 38,83 stig  
*– 1. flokkur*  
 Selfoss HM2 1. sæti 41,80 stig  
*– Meistaraflokkur*  
 Selfoss HM1 3. sæti 43,467 stig

### HSK mót 27. mars

*Byrjendareglur*  
 Selfoss HB1 2. sæti 23,15 stig  
*1. deild landsreglur – 5. flokkur*  
 Selfoss HL5 1. sæti 22,45 stig  
 Selfoss HL3 2. sæti 20,25 stig  
 Selfoss HL7 3. sæti 20,00 stig  
 Selfoss HL6 4. sæti 19,75 stig  
*– 4. flokkur*  
 Selfoss HL4 1. sæti 20,30 stig  
*– 3. flokkur*  
 Selfoss HL1 1. sæti 21,20 stig  
*Úrvalsdeild Teamgym – 2. flokkur*  
 Selfoss HM3 1. sæti 39,95 stig  
 Selfoss HM4 2. sæti 36,95 stig  
*– 1. flokkur*  
 Selfoss 1. sæti 47,15 stig

### Íslandsmót 1 10. apríl

*1. deild*  
 Selfoss mix 1. sæti 18,55 stig  
*Úrvalsdeild – Meistaraflokkur*  
 Selfoss HM1 2. sæti 44,30 stig  
*– 1. flokkur*  
 Selfoss HM2 2. sæti 39,38 stig  
*– 2. flokkur*  
 Selfoss HM3 4. sæti 36,35 stig

### Byrjendamót 11. apríl

Selfoss HB1 1. sæti 21,8 stig  
 Selfoss F1 5. sæti 16,1 stig

### Íslandsmót Teamgym 23. og 24. apríl

### Úrslit á einstökum áhöldum 23. apríl

*Úrvalsdeild / Meistaraflokkur*  
*– Gólf*  
 Selfoss HM1 2. sæti 15,15 stig  
*– Dýna*  
 Selfoss HM1 2. sæti 15,85 stig  
*– Trampólín*  
 Selfoss HM1 2. sæti 14,75 stig

### Úrslit í fjölþraut 24. apríl

Selfoss HM1 2. sæti 45,30 stig

### Minningarmót 8. maí

Kept í öllum flokkum og allir fengu verðlaun fyrir sitt besta áhald.

### Evrópumót, Malmö, Svíþjóð, 23. október

*Teamgym*  
 Selfoss HM1 8. sæti 40,95 stig

### Hautmót 13. og 14. nóvember

*1. deild – 5. flokkur*  
 Selfoss HL4 1. sæti 21,05 stig  
 Selfoss HL5 2. sæti 20,30 stig  
 Selfoss HL7 5. sæti 19,05 stig  
*– 5. flokkur kk og mix*  
 Selfoss mix 2. sæti 13,65 stig  
*– 4. flokkur*  
 Selfoss HL2 8. sæti 20,00 stig  
*– 3. flokkur*  
 Selfoss HL1 3. sæti 21,35 stig  
*Úrvalsdeild – 1. flokkur*  
 Selfoss HM2 5. sæti 38,05 stig  
*– 2. flokkur*  
 Selfoss HM3 3. sæti 34,50 stig



## Formannspistill fluttur á aðalfundi frjálsíþróttadeildar 21. mars 2011

Árið 2010 var gjöfult í starfi frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss, í víðri merkingu þess orðs. Aukning varð á fjölda þeirra sem æfa frjálsar íþróttir og hefur fjölgunin haldið áfram á nýju ári líka. Það skiptir miklu máli að ná ákveðnum fjölda þeirra sem æfa og greiða æfingagjöld. Fastur kostnaður við þjálfunina er sá sami hvort æfa 10 eða 20, þannig að með fjölguninni aukast tekjurnar og hlutur þeirra í greiðslum til þjálfara eykst. Þetta má berlega sjá í reikningum deildarinnar, en rekstur hennar gekk mjög vel á síðasta ári og skilar ágætum hagnaði. Í harðnandi árferði og niðursveiflu í þjóðfélaginu er mjög mikilvægt að deildin gangi vel fjárhagslega og geti þannig sinnt vel starfi sínu og veitt þá þjónustu sem til er ætlast af henni.

Árangur okkar íþróttafólks var mjög góður á árinu og sýndi það miklar framfarir, ásamt því að setja mörg met á mótum og vera oft á verðlaunapalli. Einnig fjölga alltaf einstaklingum úr öðrum félögum sem æfa hjá okkur og er það bara af hinu góða.

Árið var ekki síður gjöfult hvað varðar aðstöðu til æfinga utandyra. Loks varð að veruleika, draumurinn um nýjan frjálsíþróttavöll á Selfossi, en völlurinn var að mestu kláraður sl. sumar. Í vor verður klárað að merkja völinn og búið er að panta áhöld á hann fyrir um 20 milljónir króna. Ég fullyrði að völlurinn verður einn besti völlur landsins á eftir, og fáir vellir verða eins vel tækjum búnir eins og Selfossvöllur. Enn er ýmislegt sem á eftir að gera s.s þular- og tímátökuhús, frágangur á grasi og umhverfi, smíði áhaldageymslu ofl. Unnið verður í því í sumar og áfram þar til það er búið, enda verður allt að vera klárt fyrir Unglingalandsmótið næsta sumar og Landsmótið 2013. Þrátt fyrir þetta verða

fjöldmörg mót á nýja vellinum í sumar og ber þar hæst, Meistaramót Íslands, fullorðinna, sem verður haldið seinni partinn í júlí. Nú er það okkar, ásamt rekstraraðilum vallarins að ganga þannig um hann og áhöldin að þau endist vel og lengi og hjálpi okkur í að ná enn betri árangri og ánægju í starfinu.

Framtíð frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss, sem á næsta ári mun fagna 50 ára afmæli sínu, er björt að mínu mati. Rekstur hennar er í góðum málum, við höfum á að skipa frábæru þjálfarateymi, aukin ásókn er í að æfa frjálsar íþróttir, við erum með reynslumikið fólk í stjórn sem hefur setið þar lengi og aðstöðumál utanhúss, eru að taka stökkbreytingum á þessu ári. Allt þetta mun bara auka ásókn í að æfa frjálsar íþróttir á næstu árum.

Það hefur lengi verið mín skoðun að þær fulltrúar þeirra íþróttageina sem stundaðar eru á Selfossi eigi að vinna meira saman, sérstaklega í þjálfunarmálum. Ég tel að þær geti náð mun betri árangri með því að vinna meira saman og meira þvert á íþróttageinar. Þjálfarar og þjálfunaraðferðir einnar greinar geti stutt og bætt aðra greinar og öfugt. Því eigum við að koma á fót samstarfsvettvangi fyrir þjálfara, þar sem þeir hittast og skiptast á skoðunum og ræða þjálfunaraðferðir og hvað þeir geta nýtt frá hver öðrum í sinni vinnu.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á sl. ári, með einum eða öðrum hætti, stjórnarmönnum, þjálfurum, keppendum og ekki síst öllum foreldrum og forráðamönnum, sem lagt hafa hönd á plóginn í starfsemi deildarinnar. Sérstaklega vil ég þakka Önnu Pálsdóttur fyrir samstarfið en hún hverfur nú úr stjórn sem fulltrúi iðkenda.

*Helgi Sigurður Haraldsson, formaður*



## Sumarið 2010 – Meistaraflokkur

Sumarið 2010 var mjög gott íþróttalega hjá frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss, héraðsmet voru slegin, öll HSK-mótin unnust og iðkendur deildarinnar urðu Íslands-, og héraðsmeistarar. Þessi árangur náðist þrátt fyrir mjög bágborna frjálsíþróttaaðstöðu á Selfossvelli, en hún samanstóð af 70 metra löngum tartanrenningi, langstökksgryfju og kúluvarpshring. Iðkendur deildarinnar voru mjög duglegir að sækja æfingar bæði á Laugarvatn og í Þorlákshöfn. Þessi óþreytandi dugnaður iðkenda gerði gæfumuninn í sumar og iðkendur uppskáru svo sannarlega eins og þeir sáðu til.

Fyrsta mót sumarsins var Meistaramót Íslands í fjölbrotum sem fram fór í Kópavogi helgina 29.–30. maí. Fjólá Signý Hannesdóttir keppti þar í sjöbrot og uppskar bronsverðlaun. Héraðsmót HSK haldið var 22.–23. júní á Laugarvatni. Fjólá Signý Hannesdóttir vann það frábæra afrek að vera sexfaldur HSK meistari, Anna Pálsdóttir varð þrefaldur HSK meistari og Þórhildur Helga Guðjónsdóttir varð tvöfaldur meistari. Þau Ágústa Tryggvadóttir og Kalman Veigar Ingólfsson unnu síðan sitthvorn Héraðstitilinn. Lið Umf. Selfoss sigraði í stigakeppni mótsins með miklum yfirburðum.

Meistaramót Íslands fór fram í Laugardalnum í byrjun júlí og sendi frjálsíþróttadeildin nokkra öfluga keppendur til leiks. Anna Pálsdóttir vann það frábæra afrek að verða Íslandsmeistari í spjótkesti, Fjólá Signý Hannesdóttir var iðin við kolann að venju og sankaði að sér þrennum verðlaunum. Hún hlaut silfurverðlaun í 100m grindahlaupi og bronsverðlaun fyrir 400m grindahlaup og langstökk. Eyrún Halla Haraldsdóttir krækti sér síðan í silfurverðlaun í kringlukasti. Unglingameistaramót Íslands var haldið í Kaplakrika 17.–18. júlí. Fjólá Signý Hannesdóttir náði þeim frábæra árangri að verða þrefaldur Íslandsmeistari og vinna tvenn silfurverðlaun og ein bronsverðlaun að auki. Hún varð Íslandsmeistari í 100m grind, 400m grind og hástökki, silfur fékk hún í langstökki og þrístökki og brons

í 200m hlaupi. Dagur Fannar Magnússon stórbætti sig á árinu í sleggjukasti og náði þeim árangri að verða Íslandsmeistari í greininni. Þórhildur Helga Guðjónsdóttir vann til silfurverðlauna í 200m hlaupi og bronsverðlauna í 100m hlaupi og Guðmundur Kristinn Jónsson kastaði spjótinu næstlengst allra keppenda. Að lokum náðu kastararnir Anna Pálsdóttir og Eyrún Halla Haraldsdóttir tvennum verðlaunum hvor. Eyrún Halla krækti sér í silfurverðlaun í kringlukasti og bronsverðlaun í spjótkesti og Anna vann sér inn tvenn bronsverðlaun með góðum árangri í kúluvarpi og kringlukasti. Unglingamót HSK var haldið á Laugarvatni þann 26. júlí og sigraði lið Selfyssinga stigakeppni mótsins. Fjólá Signý Hannesdóttir varð fjórfaldur Unglingameistari HSK. Þau Anna Pálsdóttir og Guðmundur Kristinn Jónsson urðu tvöfaldir meistarar og að lokum urðu þau Þórhildur Helga Guðjónsdóttir og Dagur Fannar Magnússon unnu hvort um sig eina grein. Unglingalandsmótið var haldið um Verslunarmannahelgina að venju, að þessu sinni skunduðu einungis 2 íþróttamenn meistaraflokks á Borgarnes, þau Þórhildur Helga Guðjónsdóttir og Guðmundur Kristinn Jónsson. Þau kræktu sér bæði í verðlaun. Þórhildur Helga varð í þriðja sæti í langstökki og Guðmundur Kristinn vann til silfurverðlauna í spjótkesti. Bikarkeppni FRÍ fór fram 13.–14. ágúst á Sauðárkróki. Í liði HSK voru nokkrir öflugir keppendur frá frjálsíþróttadeild Selfoss sem stóðu sig mjög vel og höluðu inn dýrmætum stigum. Fjólá Signý Hannesdóttir var iðinn við kolann að venju og varð hún önnur í hástökki og í þriðja sæti í 100m grind, 400m grind og þrístökki og frænka hennar, Anna Pálsdóttir, kastaði spjótinu næstlengst allra keppenda.

Þjálfarar sumarsins voru þeir Albert Þór Magnússon, Sigurður Einarsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir og samanstóð æfingahópur sumarsins af um 15 einstaklingum.

*Sigríður Anna Guðjónsdóttir, yfirþjálfari.*



## Sumarstarf 12 – 14 ára

Sumarið var gríðarlega skemmtilegt hjá þessum flokki og mikið um að vera. Æfingar voru í sumar fjórum sinnum í viku og þjálfari var Þuríður Ingvarsdóttir.

Fyrsta verkefni sumarsins var vormót Fjölnis á Laugar-dalsvelli þann 7. júní. Nokkrir krakkar fóru og kepptu á því móti. Þau stóðu sig vel og sumir bættu sig þó kalt væri í veðri. Næsta mót var svo MÍ 11-14 ára, 12. og 13. júní í Kópavogi. Á þessu móti vorum við mjög óheppin með veður fyrri daginn en krakkarnir létu það auðvitað ekkert á sig fá og stóðu sig hrikalega vel. Selfoss krakkarnir unnu 14 Íslandsmeistarátitla, 10 silfurverðlaun og 5 bronsverðlaun. Í heildarstigakeppninni urðum við (ásamt HSK) í öðru sæti aðeins 17 stigum á eftir ÍR. Næsta mót var íþróttahátíð HSK sem haldin var í Þorlákshöfn 26. júní. Þangað fórum við og unnum stigakeppnina með yfirburðum. Krakkarnir unnu 24 gullverðlaun, 16 silfurverðlaun og 13 bronsverðlaun. Stigahæsti einstaklingur á mótinu var svo Guðrún Heiða sem fékk flest FRÍ stig allra er hún stökk 5,24 m í langstökki.

Stærsti viðburðurinn hjá okkur í sumar var svo keppnisferð til Gautaborgar um mánaðarmótin júní – júlí. Níu krakkar úr hópnum voru búin að safna fyrir og undirbúa þessa ferð allt árið og spennan gríðarleg þegar farið var með rútu til Keflavíkur í flug. Við gistum á farfuglaheimili í Gautaborg rétt hjá vellinum. Við tókum tvær æfingar úti fyrir mót, eina við farfuglaheimilið og eina á vellinum. Síðan var keppt föstudag, laugardag og sunnudag. Krakkarnir stóðu sig rosalega vel í keppninni og flestir bættu sig. Thelma Björk var næst því að komast á pall en hún endaði í fjórða sæti í kúluvarpi rétt á eftir þeirri sem varð í þriðja sæti. Það er gríðarlega reynsla að keppa á svona stóru móti og skilur mikið eftir sig. Á mánudeginum var svo farið í Tívolí sem var ekki til að skemma ferðina. Allir fóru svo heim gríðarlega sáttir og byrjaðir að undirbúa næstu ferð sem verður farin sumarið 2012.

Í júlí var að mestu frí hjá okkur í keppni en æfingar stundaðar á fullu. Næsta mót var því um verslunarmanna-helgina, árlegt Unglingalandsmót UMFÍ, og var það í Borgarnesi þetta árið. Þangað fóru margir iðkendur með foreldrum sínum og var það alveg frábært. Krakkar frá Selfossi unnu 10 unglíngalandsmótstítla, fengu 7 silfurverðlaun og 5 bronsverðlaun. Frábær árangur hjá þeim á þessu síðasta móti sumarsins sem allir geta tekið þátt í. Eitt verkefni var þó eftir, bikarkeppni 16 ára og yngri. Í liðinu voru

nokkrir krakkar úr þessum hópi og náðu þeir í einn bikar-meistarátitil og þrenn silfurverðlaun.

Æfingar sumarsins voru rúmlega 30 talsins. Enginn náði að mæta á allar æfingarnar, en Teitur Örn mætti á flestar æfingar í sumar og fékk viðurkenningu fyrir það.

## Sumarstarf 9 – 11 ára

Sumarstarfið var nokkuð hefðbundið. Æfingar hófust í júní og voru iðkendur að meðaltali um 10, stundum fleiri og stundum færri, enda mikið um að fólk sé á faraldsfæti á sumrin en almennt mættu krakkarnir vel á æfingar. Farið var í helstu greinar í frjálsum auk þess sem að leikir voru í hávegum hafðir. Æft var á íþróttavallasvæðinu eftir hentisemi, bæði á tartanbrautinni og svo á grasinu við hliðina á gervigrasi og á blettinum við Selið. Þar sem ekki var möguleiki á að æfa hástökk úti þetta sumarið var haldin ein inni-æfing þar sem hástökk var aðalviðfangsefnið.

Helstu mót sumarsins voru Aldursflokka-mót HSK og Hér-aðsleikar HSK, Unglingalandsmót fyrir 11 ára krakkanna, Gaflarinn í Hafnafirði og svo má ekki gleyma Sumarmóti UMF. Selfoss sem haldið var í Þorlákshöfn og var síðasta mót sumarsins. Þar ríkti góð stemming og að móti loknu fengu krakkarnir viðurkenningaskjöl, ásamt því að sporðrenna niður pylsum og drykkjum. Krakkarnir stóðu sig frábærlega á öllum þessum mótum og voru til mikillar fyrirmyndar. Síðasta sumaræfingin fór fram heima hjá þjálfara sem skipulagði ratleik í nágrenni við heimilið, auk þess sem farið var í aðra útileiki. Grillaðar pylsur runnu svo ljúf-fenglega niður í liðið í góða veðrinu. Sú sem mætti best á æfingar í sumar var Unnur María Ingvarsdóttir en hún mætti á 19 æfingar af 22.

Ágústa Tryggvadóttir þjálfari.

## Sumarstarf 5–8 ára

Æfingar voru haldnar reglulega einu sinni í viku yfir sum-artímann fyrir krakka á aldrinum fimm til átta ára. Æfingar-arnar gengu vel fyrir sig þrátt fyrir takmarkaða aðstöðu. Við æfðum ýmist á gervigrasvellinum, tartanbrautinni eða á



grasstykkinu hjá Stóra-hól. Þrátt fyrir ungan aldur var metnaðurinn og áhuginn mikill í hópnum. Kjarna hópurninn sem mætti á æfingarnar voru um tíu. Hópurinn keppti á tveimur mótum, á HSK-mótinu sem haldið var í lok júní og síðan var sumrinu slútt að með sumarmóti Umf. Selfoss sem fór fram í Þorlákshöfn. Þar sem krakkarnir báðu um að keppa í „hoppa í sandinn, hlaupa hratt og kasta bolta“. Krakkarnir urðu svo sannarlega ekki fyrir vonbrigðum og höfðu gaman af mótinu. Krakkarnir fengu allir viðurkenningu, pylsur og drykk að keppni lokinni. Krakkarnir voru rosa duglegir á æfingunum en það var hún Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir sem mætti á flestar æfingar í sumar. Ung og efnileg íþróttakona þar á ferð.

*Fjóla Signý Hannesdóttir þjálfari.*

## Framfarabikar 14 ára og yngri

**Sigþór Helgason** átti mestu framfarir ársins. Hann byrjaði að æfa árið 2009 og bætti sig hreint ótrúlega mikið í öllum greinum sem hann keppti í. Sigþór vann einnig til fjölda verðlauna á árinu á MÍ innanhúss, varð hann Íslandsmeistari í kúluvarpi og vann silfurverðlaun í langstökk og bronsverðlaun í 60 m grind. Á MÍ utanhúss varð hann Íslandsmeistari í kúluvarpi og spjótkesti og vann silfurverlaun í langstökki. Á Unglingalandsmóttinu í Borgarnesi varð hann landsmótsmeistari í spjótkesti og kúluvarpi, vann silfurverðlaun í 100 m hlaupi og langstökki og fékk 1 bronsverðlaun í hástökki. Sigþór er að verða mjög fjölgæfur og komin meðal þeirra bestu í öllum greinum.

### Framfarir Sigþórs á árinu:

Greinar:	2009	2010
60 m	8,97 sek	8,29 sek
Hástökk	1,45 m	1,61 m
Langstökk	4,06 m	4,80 m
(5,01 m í of miklum vindi)		
Þrístökk	9,65 m	10,83 m
Spjótkesti	33,98 m	44,09 m



Í öðrum greinum var hann að keppa í fyrsta sinn eða með nýjum þyngdum og því ekki hægt að bera saman milli ára. Glæsilegur árangur og bara spennandi tímar framundan hjá drengnum.

## Afreksbikar 14 ára og yngri

**Guðrún Heiða Bjarnadóttir** er afreksmaður deildarinnar hjá 14 ára og yngri. Helstu greinar Guðrúnar Heiðu eru spretthlaup, langstökk og þrístökk og náði hún mjög góðum árangri í þessum greinum á árinu. Besti árangur hennar á árinu samkvæmt stigatöflu FRÍ er í langstökki. Hún stökk 5,20 m og hlaut fyrir það 1028 stig. Í öðrum greinum skoraði hún einnig hátt. Hún fékk t.d. 992 stig fyrir að stökva 10,22 m í þrístökki, 959 stig fyrir 13,42 sek í 100 m hlaupi og 952 stig fyrir 27,54 sek í 200 m hlaupi. Guðrún Heiða vann marga titla á árinu. Á meistaramóti Íslands innanhúss vann hún gullverðlaun í 60 m hlaupi, langstökki og í boðhlaupi, s.s þrefaldur Íslandsmeistari. Á meistaramóti Íslands utanhúss vann hún gullverlaun í boðhlaupi, silfurverðlaun í 100 m hlaupi og bronsverðlaun í langstökki. Á unglíngalandsmóttinu í Borgarnesi varð hún þrefaldur landsmótsmeistari og vann gull í 100 m hlaupi, langstökki og boðhlaupi. Á bikarkeppni 16 ára og yngri vann hún bronsverðlaun bæði í 100 m hlaupi og langstökki. Auk þess vann hún til fjölda verðlauna á HSK mótum innan og utanhúss og meira að segja á HSK móti fullorðinna. Frábær árangur hjá Guðrúnu Heiðu og spennandi að fylgjast með henni í framtíðinni.

## Afreksmaður meistaraflokks

Á árinu 2010 náði **Fjóla Signý Hannesdóttir** glæsilegum árangri á frjálsíþróttavellinum. Hún stundaði æfingar af miklu kappi allt árið og uppskar svo sannarlega glæsilega. Hún bætti sinn besta árangur í níu greinum utanhúss og í sjö greinum innanhúss. Hún varð fimmfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki á árinu auk þess hún vann til fimmtán brons- eða silfurverðlauna á þeim meistaramótum og bikarmótum sem haldin voru á árinu 2010. Hún var



mjög mikilvægur burðarás í Bikarkeppni FRÍ, 1. deild, þar sem hún náði fjórum sinnum á verðlaunapall og var drjúg í stigasöfnun liðsins. Fjóla Signý setti eitt HSK- og tvö Selfossmet á árinu í fullorðinsflokki og þrjú HSK- og Selfossmet í sínum aldursflokki. Fjóla Signý náði þeim frábæra árangri á árinu að ná lágmarki í Norðurlandameistararamót unglinga í 400m grindahlaupi. Á mótum innanhéraðs sýndi hún virkilega hversu fjölhæf hún er en hún vann það mikla afrek að verða nífaldir HSK meistari í fullorðinsflokki og áttfaldir HSK meistari í sínum aldursflokki.

Á afrekslista sumarsins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í hennar aldursflokki er hún með besta árangurinn í þremur greinum og næstbesta árangurinn í fimm greinum. Innanhúss er hún með besta árangurinn í fjórum greinum og næstbesta árangurinn í þremur greinum. Í hópi þeirra fullorðnu er Fjóla með þriðja besta árangurinn í 400m grindahlaupi og með fjórða besta árangurinn í þremur greinum.

Fjóla Signý hefur verið valin í landsliðshóp Íslands árið 2011 og stefnir hún að þátttöku í Evrópubikarkeppni landsliða, Smáþjóðaleikunum og Norðurlandameistararnótinu. Fjóla Signý hefur alla tíð verið góð fyrirmynd yngri kynslóðarinnar í frjálsíþróttum og verið mjög góður félagi félaga sinna og leggur sig fram af alefli í öll þau verkefni sem henni eru fengin.

## Framfarabikar meistaraflokks

Á árinu 2010 náði **Dagur Fannar Magnússon** glæsilegum árangri á frjálsíþróttavellinum. Hann stundaði æfingarnar mjög samviskusamlega allt árið og árangurinn lét ekki á sér standa. Dagur Fannar leggur stund á sleggjukast og bætti hann sinn besta árangur um 17 metra á árinu 2010 sem sýnir best hve hratt honum hefur farið fram í greininni, að auki bætti hann sinn besta árangur í sjö öðrum greinum á árinu. Dagur Fannar setti tvö HSK- og Selfossmet í sleggjukasti á árinu, hann bætti metið með 5,5 kg sleggjunni um 16 metra og metið með 7,25 kg sleggjunni um heila 13 metra.

### Framfarir hans voru sem hér segir:

Grein:	2010	2009
100m hlaup	12,99 sek	13,14 sek
Hástökk	1,45 m	1,35 m
Langstökk	5,08 m	4,67 m
Langstökk án atr.	2,55 m	2,45 m
Kúluvarp (7 kg)	10,46 m	9,42 m
Kringlukast (1,5 kg)	33,92 m	25,70 m
Sleggjukast (5,5 kg)	47,98 m	31,06 m
Spjót kast (800 gr)	33,20 m	31,58 m

# Handknattleiksdeild



## Skýrsla formanns

Í lok vetrar 2010 náðust markmið meistaraflokks karla sem sett höfðu verið 5 árum áður er meistaraflokkur karla vann 1. deildina og færðist upp í úrvalsdeild. Glæsilegt keppnistímabil að baki. Barna- og unglíngastarfinu á árinu lauk með glæsibrag og stór hópur iðkenda útskrifaðist úr handboltaakademíunni. Haldið var stórglæsilegt lokahóf með viðurkenningum, veislumat frá yfirmatráðskonunni okkar henni Lilju, ásamt formanni HSÍ og fleiri góðum gestum.

Stór hópur leikmanna frá Selfossi mætti á lokahóf HSÍ vorið 2010 sem sigurvegarar 1. deildar. Ragnar Jóhannsson var markahæstur og kjörinn bæði efnilegasti leikmaðurinn og leikmaður 1. deildar. Einnig var Sebastian Alexandersson var valinn þjálfari ársins. Mörg góð orð féllu í garð okkar Selfyssinga þessa kvöldstund.

Strax um vorið var hafist handa við undirbúning næsta keppnistímabils. Farið var yfir leikmannamál, þjálfaramál og ekki síst fjármál sem ávallt eru þungamiðja hvers íþróttafélags. Sebastian Alexandersson var endurráðinn þjálfari fyrir komandi keppnistímabil. Á Selfossi er líklega minnsta brottfall iðkenda úr handbolta á eldri aldursstigum og áttum við fjölda leikmanna sem gátu spilað fyrir hönd félagsins í meistaraflokki karla. Ákveðið var að halda úti tveimur liðum í meistaraflokki, einu í úrvalsdeild og öðru liði í 1. deild. Einnig var stofnaður meistaraflokkur kvenna með blöndu af eldri og yngri leikmönnum sem yrði vísis að meistaraflokki framtíðarinnar og tæki þátt í 2. deild veturinn 2010-2011.

Þrátt fyrir erfitt ástand í samfélaginu og útlit fyrir þrönga fjárhagsstöðu var ákveðið að ráða Björgvin Þ. Björgvinsson, landsþekktan handboltamann frá fyrri tímum, sem aðstoðarþjálfara meistaraflokks karla. Einnig kom Guðjón Finnur Drengsson, sem áður var leikmaður Fram, til liðs við okkur. Það var álit stjórnar að þessi viðbót yrði nóg til að halda sæti okkar í úrvalsdeildinni á komandi vetri. Undirbúningur keppnistímabilsins var með ágætum. Ragnarsmótið var haldið með glæsibrag í september. Selfoss vann mótið en um 20 ár voru liðin frá því að lið Selfoss vann síðast þetta mót sem haldið er í minningu Ragnars Hjálmtýssonar.

Eftir að Íslandsmótið hófst var greinilegt að leikmenn okkar áttu nokkuð í land með að standast öðrum liðum snúning. Þrátt fyrir að úrslit leikja væru okkur ekki í hag var markamunur samt ekki mikill í lok leikjanna. Það var eins og vantaði aðeins sjálftraust í liðið. Í úrvalsdeild þarf að halda skipulagi í 60 mínútur í leik. Stuttir kaflar í mörgum leikjanna þar sem andstæðingar náðu 5-6 marka munur á okkur að falli.

Um áramótin var lið okkar í neðsta sæti úrvalsdeildar og minnkandi stemning í okkar herbúðum. Ákvað stjórnin að fjárfesta í tveimur erlendum leikmönnum og freista þess að örva okkar leikmenn til dáða og halda sæti okkar í úrvalsdeild. Leikmennirnir sem komu voru Andrius Zigelis frá Lithaen og Milan Ivancev frá Króatíu. Við komu þeirra tvíelfdust okkar strákar, auk þess sem meiri samkeppni varð í liðinu. Þetta dugði þó ekki til að halda sætinu í úrvalsdeild og verður það hlutskipti Selfoss að spila í 1. deild að ári nema að til komi breyting á deildarskiptingu liða fyrir næsta haust. Samkvæmt reglum HSÍ verður ein deild ef 13 lið eða færri skrá sig til keppni í meistaraflokki karla. Ekki er útséð um hvort öll lið sem spiluðu í 1. deild í vetur sendi lið til keppni næsta haust.

Ragnar Jóhannsson var valinn íþróttmaður Árborgar 2010 og einnig var hann valinn íþróttamaður HSK sama ár. Hann hefur staðið sig með miklum ágætum og er góð fyrirmynd annarra íþróttamanna hér á Suðurlandi. Í lok þessa tímabils er hann einnig markahæsti leikmaður úrvalsdeildar og verður trúlega valinn í úrvalslíð mótsins. Handbolta-deildin óskar honum til hamingju með þessar viðurkenningar og velfarnaðar um alla framtíð.

Selfoss hefur að mörgu leiti staðið vel að uppbyggingu barna- og unglíngastarfsins. Það, ásamt starfssemi handboltaakademíunnar, gerir það að verkum að framtíð Selfoss í handbolta er björt. Við eigum marga efnilega leikmenn sem eru að koma upp úr starfi félagsins. Því er engin ástæða að örvænta þó smá hindrun verði á því að byggja upp stöðugt og gott lið. Innan 2-3 ára eru miklir möguleikar á að lið frá Selfossi verði gott úrvalsdeildarlið. Hvet ég þá sem áhuga hafa á þessu málefni að gefa sig að þessu starfi og stuðla að því að þetta gangi eftir.

Nú er það svo að undirritaður stígur til hliðar sem formaður eftir 11-12 ára samfellt starf. Fyrst sem formaður unglíngaráðs handknattleiksdeildar og síðan sem formaður deildarinnar síðustu 5-6 árin. Þetta hefur verið mjög ánægulegur tími og ótrúlega miklar framfarir innan félagsins. Okkar iðkendur eru vanir því að vera stóra liðið í flestum flokkum og leggja önnur félög mikla áherslu á að vinna lið frá Selfossi. Mér er hugleikið að iðkendur okkar hugsi á eftirfarandi hátt bæði í íþróttum og öðru starfi:

*„Það er allt í lagi að vera bestur á Íslandi og búa á Selfossi.“*

Um leið og ég þakka fyrir mig óska tilvonandi stjórn farsældar og ekki síst skemmtunar.

*Hallur Halldórsson, formaður handknattleiksdeildar*



## Handboltaakademían 2010

Alls voru 30 iðkendur skráðir í handboltaakademíuna skólaárið 2010-2011. Af þeim útskrifast 5 í vor úr akademíunni. Þá er það mikið gleðefni að nú mun fyrsta stúlkan útskrifast og er það mikilvægur áfangi fyrir okkar starf. Efnahagurinn var áfram erfiður, en þrátt fyrir það hefur tekist að skila örlitlum hagnaði. Það tókst með hagræðingu og niðurskurði sem kom auðvitað eitthvað niður á þjónustunni en þó ekki eins mikið og við var búist. Þessi árangur í fjármálunum gefur okkur svigrúm til þess að bæta aftur þjónustuna við iðkendur á næsta ári. Í mótuneytinu voru um 70 manns í mat og voru þar iðkendur úr öllum akademíum FSu. Ljlla Hjelm og Olga Kristjánsdóttir sáu um krakkana og eldhúsið með stakri þryði.

Endurskipulagning starfsins alls stendur nú yfir enda er fyrsta 5 ára áætlunin að lokum komin með góðum árangri. Ný 5 ára áætlun verður virkjuð í haust sem mun vonandi gera starfið enn betra og ferskara fyrir okkar iðkendur.

### 2. flokkur karla

Þjálfari var Arnar Gunnarsson. Var þessi flokkur var mjög fjölmennur í haust og því voru tilkynnt 2 lið til leiks í Íslandsmótið. Gríðarlega mikil meiðsli og annað brotthvarf varð til þess að við þurftum því miður að draga b-liðið úr keppni sem var synd því að þeir voru efstir í 2. deild þegar sú ákvörðun var tekin. A-liðið var sem fyrr í 1. deild og enduðu í 7. sæti en þó ekki nema 3 stigum frá 3. sætinu. Miðað við fjölda lykilleikmanna sem vantaði í liðið í vetur þá verður það að teljast ágætis árangur. Liðið komst 8-liða úrslit í keppninni um Íslandsmeistaratiðilinn þrátt fyrir allt.

### 3. flokkur karla

Þjálfari var Arnar Gunnarsson. Í þessum flokki voru tvö lið skráð til leiks í Íslandsmótið eins og undanfarin ár. A-liðið var í 1. deild og endaði í 2. sæti með 30 stig, aðeins 2 stigum frá deildarmeistaratiðlinum. Sá árangur er langt umfram þær væntingar sem gerðar voru til liðsins.

Liðið spilaði mjög vel á bæði á heimavelli og á útivelli og voru efstir í deildinni seinni hluta móts og alveg fram á síðustu umferð. Í 8-liða úrslitum unnu þeir þrótt og komust í undanúrslit. Sigri þeir andstæðing sinn þar eru þeir komnir í úrslitaleik um Íslandsmeistaratiðilinn.

B-liðið var í 2. deild og enduðu þeir í 2. sæti með 40 stig. Þeir töpuðu aðeins 4 leikjum allt tímabilið þrátt fyrir að spila í deild þar sem mörg félög voru með a-liðin sín. Til að mynda unnu þeir alla heimaleiki sína, en í 16-liða úrslitum töpuðu þeir hins vegar fyrir sterku liði Vals á útivelli.

Miklar framfarir eru merkjanlegar í flokknum öllum og má segja að Arnar hafi unnið mikið og gott starf með flokkinn og í raun skilað mjög góðum árangri með hann.

Framtíð Selfoss í íslenskum handknattleik hefur aldrei verið bjartari og eru mjög spennandi tímar framundan. Það eru engar ýkjur að fullyrða að við erum efnilegasta félag landsins. Áfram Selfoss.

*Sebastian Alexandersson, yfirþjálfari handboltaakademíu, 2. flokks og 3. flokks karla.*

## Skýrsla unglíngaráðs

Æfingar yngri flokka hófust 20. ágúst um leið og skólarnir byrjuðu. Vel gekk að manna þjálfarastöður, eingöngu uppeldismenntaðir þjálfarar starfa hjá deildinni og eru ekki mörg félög sem geta státað sig af því. Alls störfuðu 10 þjálfarar hjá unglíngaráði í vetur og iðkendur voru um 250.

### 4. flokkur karla

Þjálfari Stefán Árnason, aðstoðarþjálfari Örn Þrastarson. Selfoss sendi tvö lið til keppni í þessum flokki. A-liðið var í toppbaráttu í 1. deild og endaði í 2. sæti með 24 stig í 16 leikjum. B-liðið lék í 2. deild og hafnaði í 3. sæti með 24 stig í 18 leikjum. 4. flokkur karla tryggði sér síðan bikarmeistaratiðilinn á glæsilegan hátt með sigri á FH í úrslitaleik í Laugar-

# Handknattleiksdeild



dalshöll í lok febrúar 2011. Þetta var fyrsti bikarmeistaratitill í sögu Selfoss. Þegar þetta er ritað er Selfoss komið í undanúrslit um Íslandsmeistaratitilinn.

Um 25 strákar hafa æft 5–6 sinnum í viku í vetur. Gott foreldrastarf hefur verið í kringum þessa stráka og eru þeir þegar farnir að safna fyrir og skipuleggja ferð á Partille-Cup í Svíþjóð nú í sumar. Margir af þessum strákum hafa þegar sett stefnuna á Handbolta-akademíu FSU næsta vetur. Þá voru Janus Daði Smárason, Gísli Þór Axelsson, Sævar Ingi Eiðsson, Árni Guðmundsson og Guðjón Ágústsson valdir á æfingar hjá unglingslandslíðinu.

## 5. flokkur karla

Þjálfari Stefán Árnason, aðstoðarþjálfari Örn Þrastarson. Vel yfir 30 strákar hafa æft að staðaldri í vetur. 5. flokkur eldra ár a-lið var með besta liðið á Íslandsmótinu í vetur og tryggir sér öruggan sigur með frábærri spilamennsku. Þar er á ferð einhver efnilegasti árgangur sem komið hefur fram á Selfossi. B-liðið hafnaði í 13. sæti. Þeir Ómar Ingi Magnússon og Hergeir Grímsson voru valdir í unglingslandslíð skipað leikmönnum 15 ára og yngri þrátt fyrir að vera þar á yngri ári. Strákunum var boðið að taka þátt í Norden-Cup milli jóla og nýars, en það mót er óopinbert Norðurlandamót félagsliða.

5. flokkur karla yngri ár náðu sér ekki á strik fyrri hluta keppnistímabilsins. Nokkrar breytingar hafa orðið á þessu liði sem hefur tvívegis hampað Íslandsmeistaratitli áður. A-liðið hafnaði þó að lokum í 5. sæti á Íslandsmeistaramótinu með góðum endaspretti. B-liðið varð síðan í 14. sæti af 40 þáttökuliðum.

## 6. flokkur karla

Þjálfari Gísli Felix Bjarnason, aðstoðarþjálfari Árni Felix Gíslason.

Um 30 strákar hafa æft og keppt í vetur. A-liðið hefur verið í 10. sæti á Íslandsmótinu í vetur og B-liðið í því 19. Það fjölgandi jafnt og þétt í þessum hópi í vetur framfarir drengjanna voru miklar.

## 7. flokkur karla

Þjálfari Guðmundur Sigmarsson, aðstoðarþjálfari Janus Daði Smárason.

Þetta er geysilega öflugur flokkur. Þeir hafa haft mikla yfirburði í sínum aldursflokki og ekki tapað leik enn sem komið er. Selfoss hefur nú átt besta liðið í 7. flokki drengja tvö ár í röð, en það hafði aldrei áður gerst í sögu deildarinnar. Þarna eru saman komnir mjög öflugir strákar sem vert er að fylgjast með og mjög gott foreldrastarf. Milli 40 og 50 strákar æfðu í vetur og hefur þessi flokkur aldrei verið fjöl-

mennari. Selfoss sendi tíu lið til leiks á síðasta mót vetrarins fleiri en nokkurt annað félag.

## 4. flokkur kvenna

Þjálfari Inga Fríða Tryggvadóttir, aðstoðarþjálfari Guðfinna Tryggvadóttir.

Geysileg öflugur hópur af stelpum frá Selfoss hefur skipað sér í fremstu röð kvennaliða í 4. og 5. flokki. Stelpurnar urðu bikarmeistarar í febrúar 2011 eftir stórsigur á ÍBV. Stelpurnar slógu úr erkíjendurnar í Fylkir í 8-liða úrslitum að viðstöddum 300 áhorfendum. Selfoss var á toppnum í deildinni í allan vetur en missti flugið í lokin og féllu niður í 2. sætið. Þegar þetta er ritað er Selfoss komið í undanúrslit í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn.

B-liðið er líka komið í undanúrslit í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn, en það var sama sagan hjá þeim eftir að hafa leitt B-deildina í vetur urðu þær að sætta sig við annað sætið.

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir var valin í unglingslandslíð og lék í undankeppninni fyrir Evrópumeistaramótið. Þær Thelma Björk Einarsdóttir, Þuríður Guðjónsdóttir og Helga Rún Einarsdóttir voru valdar í unglingslandslíð skipað leikmönnum 15 ára

## 5. flokkur kvenna

Þjálfari Inga Fríða Tryggvadóttir, aðstoðarþjálfari Guðfinna Tryggvadóttir.

Skemmst er frá því að segja að Selfoss-stelpurnar höfðu talsverða yfirburði á Íslandsmótinu og unnu alla sína leiki og í raun var aldrei neitt lið sem ógnaði þeim í allan vetur. Þetta er mjög sterkur árgangur og hefur stelpunum verið boðið að taka þátt í Norden-Cup á milli jóla og nýars, en það mót er óopinbert norðurlandamóti félagsliða. B-liðið var um miðjan hóp 38 þáttökuliða.

Þær Harpa Sólveig Brynjarsdóttir, Dagmar Öder og Katrín Magnúsdóttir voru valdar í U15 ára landsliðið.

## 6.-7. flokkur kvenna

Þjálfari Sigrún Arna Brynjarsdóttir aðstoðarþjálfarar Krístrún Steinþórsdóttir og Alexandra Sumarliðadóttir.

Stelpurnar í 6. flokki A höfnuðu í 10. sæti á Íslandsmótinu og B-liðið í því 15. Stelpurnar bættu sig þó jafn og þétt og unnu sig upp töfluna og sýndu miklar framfarir.

7. flokks stelpurnar töpuðu ekki leik vetur og spiluðu mjög góðan handbolta. Þarna er kominn enn einn árgangurinn sem er líklegur til afreka í komandi framtíð.

## Umfangsmikið starf

Umfang handknattleiksdeildar hefur aukist mikið ár



frá ári, iðkendum hefur fjölgað undanfarin ár, árangurinn hefur aldrei verið betri og flestir árgangar eru á topp fimm á landsvísu. Yfir 300 einstaklingar stunda handbolta af fullum krafti á Selfossi og æfa þrisvar til tíu sinnum í viku. Í Handboltaakademíu FSu eru yfir 30 ungmenni.


Á síðasta keppnistímabili léku lið á vegum handknattleiksdeildar Umf. Selfoss um 550 leiki ásamt því að halda Landsbankamótið í 7. flokki drengja og stúlkna en á því voru leiknir 450 leikir. Þarna eru ekki taldir með æfingaleikir og æfingamót sem lið tóku þátt í heldur aðeins leikir í opinberum mótum. Auk þess fóru þrjú flokkar fóru á mót erlendis á keppnistímabilinu.

Þessi samantekt er til að sýna hversu umfangsmikið starfið er, en hjá handknattleiksdeildinni starfa 15 þjálfarar, 12 manns sitja í stjórn og unglingaráði og mun fleiri í foreldraráðum.

Á vegum handknattleiksdeildarinnar fara fram um 38 æfingar á viku og þyrftu að vera mun fleiri. Á næsta ári bætist við 3. flokkur kvenna og þarf sá flokkum 5-6 æfingátíma en þeir liggja ekki á lausu eins og staðan er í dag. 7. og 6. flokkur kvenna þurfa að deilda æfingátímum og er það ekki óskastaða heldur.

## Landsbankamótið

Dagana 1.-3. apríl 2011 fór fram Landsbankamótið í handbolta en það er eitt fjölmennasta íþróttamót sem fram fer á Selfossi. Mótið tókst í alla staði mjög vel. Alls komu 753 keppendur á Selfoss þessa helgi og búast má við að annar eins fjöldi af foreldrum og liðstjórum hafi heimsótt bæinn. Til leiks voru skráð 165 lið, en leikið var í íþróttahúsi Valla-skóla og í lðu, íþróttahúsi FSu. Liðin gistu í Sólvallaskóla og voru þar í mat. Á kvöldin voru svo kvöldvökur og sló Selfyssingurinn Ingó þar alveg í gegn. Byrjað var á föstudeginum kl. 16:00 og mótið stóð fram yfir hádegi á sunnudag. Um 80 starfsmenn komu að mótinu sem krefst mikillar skipulagningar. En þökk sé öflugum foreldrastarfi hjá deildinni og fjölmörgum sjálfboðaliðum sem tilbúnir eru að leggja hönd á plóg að þá gekk mótið mjög vel og er öruggleg komið til að vera. Foreldrar strákanna í 4. flokki sáu um sjoppu og lögðu fram mikla vinnu en allur ágóði af sjoppusölu fer í ferðasjóð. Ætla má að um 2000 manns hafi heimsótt Selfoss um þessa helgi í tengslum við mótið. Þetta er í níunda skiptið sem þetta mót er haldið og er það búið að festa sig í sessi í íþróttalífni. Unglingaráð handknattleiksdeildar vill koma á framfæri þökkum til Landsbankans á



Selfossi fyrir frábæran stuðning við yngri flokka starf handboltans á Selfossi og eins til allra þeirra sem störfuðu á Landsbankamótinu, sérstaklega til starfsmanna íþróttahúsanna sem unnu sýna vinnu af miklum sóma.

## Unglingalandslið

Þeir Ragnar Jóhannsson og Árni Steinn Steinþórsson fóru með U21 ungingalandsliðinu á Evrópumeistaramótið sem fór fram í Slóvakíu í ágúst. Einar Sverrisson fór með U19 ára liðinu á mót í Þýskalandi milli jóla og nýárs. Janus Daði Smáráson fór með U17 ára á mót í Noregi í október. Gísli Þór Axelsson var einnig valinn í æfingahóp U17 ára landsliðsins. Sævar Ingi Eiðsson, Árni Guðmundsson, Guðjón Ágústsson Ómar Ingi Magnússon og Hergeir Grímsson voru valdi til æfinga hjá U15 ungingalandsliðinu. Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir var valin í U17 ungingalandsliðið og lék í undankeppninni fyrir Evrópumeistaramótið, mótið fór fram á Íslandi. Esther Hallsdóttir var einnig valin til æfinga. Þær Thelma Björk Einarsdóttir, Púriður Guðjónsdóttir, Helga Rún Einarsdóttir Harpa Sólveig Brynjarsdóttir, Dagmar Öder og Katrín Magnúsdóttir voru valdar í ungingalandslið skipað leikmönnum 15 ára og yngri. Samtals eru þetta 18 ungmenni sem eru í fremstu röð sinna jafnaldra í handknattleik á landinu, og ef að líkum lætur á bara eftir að fjölga í þessum hópi því á leiðinni eru mjög sterkir árgangar leikmanna með framtíðarlandsliðsmönnum.

*Einar Guðmundsson, yfirþjálfari*



## Skýrsla stjórnar

Starf júddeildar var með hefðbundnu sniði síðastliðið ár. Sami kjarni hefur setið í stjórn deildarinnar og haft yfirmsjón með æfingum. Á síðasta aðalfundi var Þórdís Rakel Hansen kosin formaður, Jóhanna Þórhallsdóttir gjaldkeri, Bergur Pálsson ritari og þeir Baldur Pálsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson meðstjórnendur.

Starfið gekk almennt vel á síðasta ári. Iðkendur voru um 80 og fóru æfingar fram í æfingahúsnæðinu í Gagnheiði 3. Löngu tímabært er að skipta um húsnæði og var unnið í þeim málum á árinu. Vegna þess hve æfingahúsnæðið er lítið er ekki hægt að halda lögleg júdómót á Selfossi. Júdomenn hafa því þurft að keppa á öllum sínum mótum utan héraðs.

Foreldraráð starfaði á árinu og báru hjónin Þóra Þorsteinsdóttir og Böðvar Þór Kárasón hitann og þungann af því. Haldið var lokahóf í maí með pizzum og tilheyrandi. Auk þess sá foreldraráðið um veitingar á haustmóti JSÍ sem haldið var í lðu í október.

Á haustmóti JSÍ sem haldið var í lðu 11. október fékk júddeild afhenta gæðaviðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndardeild. Var deildin þar með sjöunda deildin innan Umf. Selfoss sem fær þessa viðurkenningu. Í lok árs fékk deildin svo 700.000 kr. styrk frá Sveitarfélaginu Árborg í tilefni viðurkenningarinnar.

Æfingar hófust að nýju í lok sumars. Júdomenn frá deildinni hafa verið duglegir að taka þátt í mótum og staðið sig vel. Deildin sá um HSK-mót í júdeu í desember.

Stjórn júddeildar þakkar öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á síðasta ári.

*Þórdís Rakel Hansen, formaður*

## Skýrsla þjálfara

### Vorönn

Þjálfarar á vorönn voru: Sturlaugur og Þorkell Eyjólfssynir sem sáu um iðkendur á aldrinu 6-10 ára, Bergur Pálsson og Sturlaugur sáu um hóp iðkenda 11-14 ára og Bergur og Baldur Pálssynir sáu um 15 ára og eldri. Æfingum lauk um miðjan maí með æfingabúðum í Reykjavík með börnum og unglingum af öllu landinu, vonast er til að það verði árlegur viðburður.

Æfingatímar voru á þriðju - og fimmtudögum; 8-10 ára kl. 17-18, 11-14 ára kl. 18-19 og 15 ára og eldri kl. 19-20:30. Einnig eru 15 ára og eldri á mánudögum kl. 19:30-21.

### Haustönn

Þjálfarar á haustönn voru Matthías Harðarson sem þjálfaði iðkendur á aldrinum 6-14 ára. Bergur Pálsson þjálfaði 15 ára og eldri. Einnig sá Garðar Skaftason um margar æfingar hjá þeim hóp. Bergur hefur séð um allar skráningar á mót og fylgt keppendum eftir á þau. Sigurður Gunnar Ásgeirsson hefur starfað á flestum mótum fyrir Umf. Selfoss. Hann sá einnig um flutning á dýnum frá Reykjavík til Selfoss svo að UMFS gæti haldið haustmót JSÍ.

Æfingar ársins 2010 gengu mjög vel og skiluðu einum besta árangri júddeildarinnar frá upphafi. Fjöldi iðkenda fækkaði lítillega milli ára og þyrftum við að leita leiða til að fjölga iðkendum. Þór Davíðsson sem er að verða einn sterkasti júdomaður landsins fékk styrk frá JSÍ og hefur júddeild UMFS einng styrkt hann til æfinga í Reykjavík. Þór var valinn júdomaður Umf. Selfoss og júdomaður HSK árið 2010. Júddeildin hélt sitt þriðja HSK-mót í desember og vakti það að venju mikla lukku.

*Bergur Pálsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson*



## Árangur UMFS á júdomótum 2010

### Afmælimót JSÍ og RIG 16. janúar

- 90 kg Sturlaugur Eyjólfsson 3. sæti

### Afmælimót JSÍ 30. janúar

Flokkur 11-12 ára:

-34 kg Mikael J. Ragnarsson 1. sæti  
 -46 kg Hólmar Höskuldsson 3. sæti  
 -50 kg Páll Dagur Bergsson 2. sæti  
 -50 kg Arnór Eggertsson 3. sæti  
 -55 kg Þorgils Sigurðsson 1. sæti  
 -55 kg Úlfur Böðvarsson 2. sæti

Flokkur 13-14 ára:

-46 kg Hrafnkell Batson 3. sæti  
 -55 kg Arnór Jónsson 1. sæti  
 -73 kg Egill Blöndal 1. sæti  
 + 57 kg Þórdís Böðvarsdóttir 1. sæti

Flokkur 15-20 ára:

-81 kg Þorkell Eyjólfsson 3. sæti  
 -90 kg Þór Davíðsson 1. sæti  
 Sturlaugur Eyjólfsson 3. sæti

Opinn flokkur:

Þór Davíðsson 1. sæti  
 Sturlaugur Eyjólfsson 3. sæti

### Íslandsmót 6. mars 2010

U20:

-100 kg Sturlaugur Eyjólfsson 1. sæti  
 Íslandsmeistari  
 -90 kg Þór Davíðsson 1. sæti  
 Íslandsmeistari  
 -73 kg Hlynur Víðisson 3. sæti

Opinn flokkur:

Þór Davíðsson  
 Eyjólfur Sturlaugsson  
 U17:  
 -66kg Birgir Ásbjörnsson 2. sæti

### Íslandsmót U13 – U15

#### Akureyri 13. mars

Flokkur 11-12 ára:

-34 kg Mikael J.t Ragnarsson 1. sæti  
 Íslandsmeistari  
 -50 kg Páll Dagur Bergsson 3. sæti  
 -55 kg Úlfur Böðvarsson 2. sæti  
 -66kg Árni Hoffritz 2. sæti  
 -81kg Fjölín Ström 1. sæti

Íslandsmeistari

Flokkur 13-14 ára:

-46 kg Hrafnkell Batson 2. sæti  
 -55 kg Arnór Jónsson 1. sæti  
 Íslandsmeistari  
 -60 kg Hinrik Hjartarson 1. sæti  
 Íslandsmeistari  
 -73 kg Egill Blöndal 1. sæti  
 Íslandsmeistari  
 Sveitakeppni 13-14 ára:  
 Sveit Umf. Selfoss 2. sæti

### Íslandsmót Seniora 10 apríl

-90 kg Þór Davíðsson 3. sæti

### Vormót seniora (15 ára og eldri)

2. maí

-90 Sturlaugur Eyjólfsson 2. sæti

### Norðurlandamót 9. maí

3. sæti -100 kg Sturlaugur Eyjólfsson 2. sæti  
 3. sæti -100 kg Þór Davíðsson 3. sæti  
 Öldungaflokkur  
 -90 kg Bergur Pálsson 2. sæti  
 +100 kg Sigurður G. Ásgeirss. 3. sæti

### Haustmót JSÍ U20, 2. október

Flokkur 11-12 ára:

-34 kg Mikael J. Ragnarsson 1. sæti  
 -42 kg Hólmar Höskuldsson 2. sæti  
 -50 kg Jakob Ingvarsson 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

-66 kg Hinrik Hjartarson 2. sæti  
 -81 kg Egill Blöndal 2. sæti

### Haustmót seniora 15 ára og eldri

#### Selfossi 9. október

+81 kg Þór Davíðsson 3. sæti

### Afmælimót JR 16. október

U11:

-36 kg Halldór Bjarnason 2. sæti

U13:

- 34 kg Mikael J. Ragnarson 1. sæti  
 -42 kg Hólmar Höskuldsson 2. sæti  
 -50 kg Grímur Ívarsson 3. sæti  
 -55 kg Úlfur Böðvarsson 2. sæti

U15:

Þórdís Böðvarsdóttir 1. sæti

# Knattspyrnudeild



## Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi deildarinnar 24. nóvember 2010.

### Stjórn knattspyrnudeildar

Á aðalfundi knattspyrnudeildar hinn 12. nóvember 2009 var umboð stjórnar endurnýjað. Skipan stjórnar var nánast óbreytt frá síðasta tímabili. Ein breyting varð á Erling Huld- arson gekk úr stjórn og í hans stað kom Sveinn Ingvason. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Óskar Sigurðsson, formaður, Þorsteinn Magnússon, varaformaður, Sveinn Ingva- son, ritari, Jón Gíslason, gjaldkeri og Skúli Bergmann, með- stjórnandi. Skúli var einnig tengiliður við stuðningsmanna- klúbb knattspyrnudeildar. Stjórn fundaði reglulega á tíma- bilinu í Tíbrá og var gerður nokkur skikk í skráningu fundar- gerða og vel haldið utan um þær af hálfu ritara.

### Eldskírni í úrvalsdeild

Verkefni stjórnar á liðnu tímabili tók nokkuð mið af því að meistaraflokkur karla lék nú í fyrsta sinn í úrvalsdeild. Kraftist það mikils undirbúnings af hálfu allra þeirra sem að starfi deildarinnar komu. Verður ekki annað sagt en að deildin hafi leyst þetta verkefni með miklum sóma. Mikil og nán samvinna var með KSÍ hvað varðar alla umgjörð leikja sem og knattspyrnuvallarsvæða. Var skipað sérstakt heimaleikjaráð til að annast undirbúning og framkvæmd leikjanna. Þar sem aðalvöllur var ekki tilbúinn til notkunar um vorið þurftu lið okkar að spila á gervigrasvællum og þurfti þá að mæta skilyrðum í leyfiskerfi KSÍ með uppsetningu á aðstöðu fyrir áhorfendur. Knattspyrnudeildin tók að sér það verkefni ásamt Baldri Pálssyni, trésmíðameistara, og voru tréþallar settir upp á methraða. Þessir þallar eru færanlegir og því unnt að nýta við hvers konar viðburði, hvort heldur á íþróttavællum sjálfum eða annar staðar í sveitarfélaginu.

### Vígsla á aðalvelli og stúku

Þann 19. ágúst 2010 var nýr og fullkominn aðalvöllur tekinn í notkun ásamt glæsilegri 750 manna áhorfendastúku. Var þetta fyrsti áfangi stúkubyggingarinnar. Þá var á sama tíma einnig fyrsti sjónvarpsleikur Selfoss er liðið mætti Keflavík. Skemmtast er frá því að segja að leikurinn varð hin besta skemmtun. Selfoss var undir 0:2 í hálfleik en tók síðan síðari hálfleikinn með trompi og skoraði þrjú glæsileg mörk.

### Meistaraflokkarnir

Sem kunnugt er náði meistaraflokkur karla ekki að halda sæti sínu í úrvalsdeild. En það þýðir ekkert að hengja haus yfir því. Tímabilið skilur eftir margt jákvætt og leikmenn eru nú reynslunni ríkari. Við höldum í það jákvæða og lærum að sjálfsgöðu mikið af þessu. Mikil reynsla situr eftir sem mun hjálpa liðinu áfram. Og það er aðeins eitt markmið á næsta ári og það er einfalt – Selfoss ætlar að tryggja sér sæti að nýju á meðal þeirra bestu. Það verður vissulega erfitt verkefni og ekki á vísan að róa en markmiðið er alveg skýrt. Meistaraflokkur kvenna var aftur svo nálægt markmiði sínu. En liðið er búið að finna sæta lykt úrvalsdeildar síðustu tvö tímabil. En allt er þegar þrennt er. Liðið er ungt, skemmtilegt og vel leikandi og stefnan er sú að liðið fari upp á næsta tímabili. Vonandi getur Selfoss þá státað af úrvals- deildarliði í karla- og kvennaflokki.

### Þjálfarar

Stjórn knattspyrnudeildar stóð frammi fyrir sérstæðri stöðu í þjálfaramálum að loknu síðasta keppnistímabili, bæði í karla- og kvennaflokki. Helena Ólafsdóttir sagði upp starfi sínu sem þjálfari meistaraflokks kvenna og kom sú upp- sögn öllum á óvart. Ennfremur var ákveðið að segja Guð- mundi Benediktssyni upp störfum hjá meistaraflokki karla. Stjórn gaf sér góðan tíma til að vinna úr þessari stöðu, lagði upp áherslur sínar fyrir komandi tímabil og leitaði að þjálf- urum sem væru tilbúnir til að koma að krefjandi verkefni- um af fullum krafti og einhug. Björn Kristinn Björnsson var ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna til tveggja ára en hann hefur mikla reynslu af þjálfun. Hann þjálfaði m. a. úrvalsdeildarlið Fylkis í fjögur ár og mun reynsla hans og þekking eflaust nýtast vel á komandi tímabilum. Þá var Logi Ólafsson ráðinn þjálfari meistaraflokks karla til tveggja ára. Óþarft er að kynna Loga sérstaklega en störf hans á sviði knattspyrnunnar þekja allir. Þá var nýlega gengið frá ráðningu styrktarþjálfara, Markus Kislich, sem mun annast alla styrktarþjálfun hjá Selfoss, fyrst og fremst hjá öllum eldri flokkum deildarinnar sem og aðstoða þjálfara yngri flokka við að setja upp styrktaræfingar og kerfi sem henta yngri flokkum sem og fylgjast með innleiðingu slíks kerfis



með þjálfurum deildarinnar. Ennfremur var Auðun Helgason ráðinn sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla auk þess sem hann mun spila með liðinu á komandi tímabili. Nýr þjálfari var einnig ráðinn hjá 2. flokki en samningur við Jón Pétur Róbertsson rann út að loknu síðasta tímabili. Halldór Björnsson var ráðinn þjálfari 2. flokks en hann er deildinni af góðu kunnur fyrir störf sín á liðnum árum. Stjórn knattspyrnudeildar bindur miklar vonir við þessa þjálfara og þá umgjörð sem ráðning þeirra skapar og hefur fulla trú á því að reynsla þeirra, menntun og þekking muni skila Selfoss góðum árangri á komandi árum. Stjórn vill hins vegar þakka sérstaklega Helenu, Guðmundi og Jóni Pétri fyrir gott starf í þágu deildarinnar.

## Fjármál og rekstur

Knattspyrnudeildin skilar ágætum niðurstöðum í sínum rekstri á þessu ári. Framundan er hins vegar fyrirséður tekj samdráttur vegna tímabundins brottfalls úr efstu deild en bakhjarlar deildarinnar styðja þétt við knattspyrnudeildina eftir sem áður. Er því engin ástæða til að örventa heldur verður tekj samdrætti mætt með aukinni hagræðingu í rekstri og breyttum áherslum. Helstu verkefni deildarinnar og fjáraflanir eru sem fyrr herrakvöld, flugeldasala, Ólismót, getraunasala sem og sala auglýsinga. Nú nýverið bættist Steypustöðin í hóp stuðningsaðila deildarinnar og er það mikið ánægjuefni. Sala aðgöngumiða jókst mikið á heimaleiki Selfoss á liðnu tímabili en að jafnaði sáu um 1100-1200 manns heimaleiki liðsins. Fjöldi Selfyssinga fylgdi liðinu að auki á alla útileiki og oft á tíðum voru Selfyssingar fjölmennari en áhorfendur heimaliðsins. Sýnir það þann stuðning og hinn góða félagsanda sem fylgir Selfossliðinu.

## Niðurlag

Það hefur verið gaman að koma að starfi knattspyrnudeildar á liðnu tímabili. Verkefni hafa verið krefjandi og lærdómsrík. Vissulega er margt sem betur hefði mátt fara en við lærum einungis af því og reynum að gera enn betur. Og þrátt fyrir gott starf á liðnum árum getum við alltaf bætt og eftir starf deildarinnar á öllum sviðum. Setjum okkur ný og metnaðarfull markmið og stefnum að þeim sam-

eiginlega og samhent. Stjórn knattspyrnudeildar þakkar sérstaklega samstarfið við alla þá sem komið hafa að starfi deildarinnar á síðasta tímabili, einkum unglingaráði, meistaraflokks-ráðum, heimaleikjaraði, stuðningsmönnum og síðast en ekki síst leikmönnum Selfoss. Það er heiður og forréttindi fyrir okkur í stjórninni að fá að starfa með svona hæfileikaríku og dugmiklu fólki.

*F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Umf. Selfoss  
Óskar Sigurðsson, formaður*

## Skýrsla meistaraflokksráðs karla

### Nýr kafli í knattspyrnusögu Selfoss

Draumur Selfyssinga rættist sl. haust er knattspyrnulið þeirra vann 1. deildina og þar með rétt til að taka þátt í 99. Íslandsmótinu í efstu deild karla. Þetta var langþráður draumur allra sem komið hafa að knattspyrnunni á Selfossi í gegnum árin og má því segja að það hafi verið alger forréttindi fyrir alla þá sem að liðinu komu að vera hluti af þeim draumi.

### Áskorun að leika í efstu deild

Óhætt er að segja að það hafi verið mikil áskorun fyrir hið unga lið Selfoss að leika í efstu deild, en ásamt Breiðabliki voru þetta yngstu lið deildarinnar. Auk þess voru þessi lið með flesta uppalda leikmenn í sínu liði. Örlög liðanna voru þó langt í frá þau sömu, því Blikar urðu Íslandsmeistarar, en Selfyssingar féllu. Það var í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó Selfoss hafi fallið, því að verða stöðugt efstudeildarlið tekur líklega áratugi og er í því sambandi rétt að minna á að stórveldið FH vann 1. deildina fyrir 10 árum og Íslandsmeistarar Breiðabliks unnu sömu deild fyrir 5 árum. Haukar fylgdu okkur að sjálfsögðu niður og er það að verða þreytandi að geta ekkert hoppað á milli deilda nema að þeir elti.

### Nýr þjálfari

Fyrir tímabilið var Guðmundur Benediktsson ráðinn þjálfari liðsins, en þetta var fyrsta þjálfarastarf hans hjá meist-

# Knattspyrnudeild



araflokki. Gummi fékk þó reynslumikið crewe sér til aðstoðar en það voru þeir Ómar Valdimarsson, Trausti Hrafnsson, Halldór Björnsson, Anton Hartmannsson, Óskar Ariliusson, Þorsteinn Pálsson og Tómas Þóroddsson.

## Lengjubikarinn

Í Lengjubikarnum, sem er undirbúningsmót fyrir sjálfstjórnarskipti Íslandsmótið gekk liðinu ágætlega. Þar unnu strákarnir 1. deildar félagin sem voru með þeim í riðli, en töpuðu fyrir úrvalsdeildarklúbbunum. Því var auðvelt að reikna að við værum of góðir í 1. deild og ekki nógu góðir í Pepsideild.

## 16 uppaldir hjá félaginu

Forráðamenn, stjórn og þjálfari reyndu að styrkja liðið fyrir komandi átök, en lítið gekk í þeim efnum. Þegar flautað var til leiks í Pepsi-deildinni, þann 11. maí vakt það athygli blaða- og fréttamanna að 16 af 18 leikmönnum Selfoss voru uppaldir hjá félaginu. Einnig vakti athygli hversu ungt okkar lið var og ljóst að þessi skóli og sú reynslan sem liðið fékk, á eftir að vega þungt fyrir okkar stráka og vera þeim gott veganesti á komandi knattspyrnuferli.

## Tap í fyrsta leik, en sigur í öðrum

Fyrsti leikur var heima gegn Fylki og var um hálfgerð spennufall að ræða hjá liðinu. Tapaðist sá leikur 1:3. Sævar Þór Gíslason skoraði mark Selfoss sem var jafnframt fyrsta mark félagsins í efstu deild. Óhætt er að segja að einn af hápunktum tímabilsins hafi verið í 2. umferð, en þá vannst frábær sigur á meistaraefnum KR í Frostaskjól. Logi Ólafsson þáverandi þjálfari KR fékk að sjá allar sparihlíðar strákanna í leiknum og örlögin höguðu því svo að hann tók við Selfoss-liðinu á haustdögum af Guðmundi Benediktssyni.

## Vígsluleikur og ný áhorfendastúka

Annar hápunktur tímabilsins var klárlega þann 19. ágúst, en þá var nýr aðalvöllur með nýrri stúku tekinn í notkun og Selfyssingar tóku á móti Keflavík í vígsluleik. Eftir smá taugatitring og athyglisbrest hjá strákunum vegna vígslu vallarins voru þeir 0:2 undir í hálfleik. Selfyssingar rifu sig upp í þeim seinni, skoruðu þrjú mörk, unnu leikinn og gerðu daginn ógleymanlegan fyrir þá fjölmörgu áhorfendur sem mættu. Jón Guðbrandsson skoraði fyrsta markið á nýjum velli og skræði nafn sitt í knattspyrnusögu Selfoss.

## Liðsauki í júlí

Í félagsskiptaglugganum í júlí var leitað út fyrir landið í leit að liðsstyrk. Er óhætt að segja að tveir strákar sem voru fengnir hingað frá Fílabeinsströndinni hafi sett svip sinn á bæinn. Þeir slöguðu hátt í 160 cm á hæð hvor og vöktu athygli fyrir klæðaburð og hárgreiðslur innan sem utan vallar.

## Tölfræðin

Markahæstu leikmenn liðsins í öllum keppnum voru í þessari röð:

Jón Guðbrandsson 7 mörk

Jón Daði Böðvarsson 6 mörk

Sævar Þór Gíslason 5 mörk

Til að skora mörk er ágætt að hafa einhvern til að gefa boltann á sig og þeir sem voru með flestar stoðsendingar voru:

Jón Daði Böðvarsson 6 sendingar,

Guðmundur Þórarinnsson 5 sendingar

Sævar Þór Gíslason 4 sendingar

Jóhann Ólafur Sigurðsson og Jón Daði Böðvarsson léku flesta leiki eða alls 29 af 30 leikjum í öllum keppnum. Næstir komu Agnar Bragi Magnússon með 28 leiki og Jón Guðbrandsson með 27 leiki. Alls voru það 25 leikmenn sem fengu leik með meistaraflokk í efstu deild.

Selfyssingar skoruðu alls 32 mörk í Pepsideildinni, 11 í fyrri hálfleik leikjanna og 21 í síðari hálfleik og þar af voru 3 mörk skoruð á 88. mínútu. Enda var mjög oft í umfjöllun fréttamiðla og viðtölum við þjálfara andstæðingana notuð setningin, „...en Selfyssingar gefast aldrei upp...“ Selfyssingar fengu aftur á móti á sig alltof mörg mörk eða 51 og virtist „rétt“ vörnin ekki finnast í sumar.

## Lokahóf knattspyrnudeildar

Á lokahófi knattspyrnudeildar var Jóhann Ólafur Sigurðsson valinn leikmaður ársins, Sævar Þór Gíslason var markahæstur í deild og Jón Daði Böðvarsson var valinn sá efnilegasti. Ingþór Jóhann Guðmundsson fékk eins og venjulega bikar fyrir framför og Gunnar Borgþórsson fékk Guðjóns-bikarinn.



## Framtíðin er björt

Eins og fram hefur komið var einn reynslumesti og sigur-sælasti þjálfari landsins Logi Ólafsson ráðinn á haustdögum. Sú ákvörðun að ráða Loga Ólafsson sýnir þann mikla metnað sem er hjá deildinni. Allir eru sammála um að þessi fyrsta heimsókn Selfossliðsins í efstu deild var aðeins byrjun á einhverju miklu meira. Logi er búin að ráða sér aðstoðarmann og er það fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaðurinn Auðun Helgason. Þeim til aðstoðar er þýski styrktarþjálfarinn Markus Kislich. Verður virkilega gaman að sjá hvað þessi þrenning getur gefið okkar unga liði. Framtíð fótboltans á Selfossi hefur líklega aldrei verið bjartari, miðað af efnilegum strákum búnir að stimpla sig inn í liðið og upp að koma lofandi einstaklingar.

*F.h. meistaraflokksráðs karla  
Tómas Þóroddsson*

## Skýrsla meistaraflokksráðs kvenna

### Annað ár meistaraflokks kvenna

Annað ár meistaraflokks kvenna fór vel af stað, með ráðningu nýs þjálfara í október 2009, Helenu Ólafsdóttur, sem tók við góðu liði af Halldóri Björnssyni. Meistaraflokksráð var skipað Auði Ólafsdóttur, Elvar Gunnarssyni, Árnýju Steingrímisdóttur, Helgu Þráinsdóttur og Sigríði Ágústsdóttur. Liðstjórar tímabilsins voru Auður og Elvar. Sjúkraþjálfari liðsins var Baldur Rúnarsson. Í febrúar 2010 var gerður tveggja ára samningur við 16 leikmenn sem allar koma upp úr yngri flokka starfi Selfoss fyrir utan eina.

### Undirbúningur

Formlegar æfingar byrjuðu 15. október og voru það allt stelpur sem höfðu byrjað með meistaraflokki haustið 2008. Undirbúningstímabilið gekk vel. Spilaðir voru nokkrir æfingaleikir, t.d við Keflavík, Val og KR. Selfoss tók þátt í Lengjubikarnum sem byrjaði 1. apríl. Selfoss vann fjóra leiki af fimm og endaði í 2. sæti með 12 stig, tapaði fyrir Þrótti sem fór upp í um deild í haust. Þessi byrjun lofaði góðu fyrir komandi sumar.

## Íslandsmótið

Íslandsmótið byrjaði með heimaleik 28. maí á móti Hetti og vannst hann 8:0. Var það byrjunin á gríðarlega skemmtilegu og miklu markamóti. Meistaraflokkur kvenna spilaði 14 leiki og vann 13. Stelpurnar skoruðu 69 mörk og fengu einungis á sig 16 mörk. Eini leikurinn sem tapaðist var á móti ÍBV í Vestmannaeyjum. Þess má geta að ÍBV varð Íslandsmeistari í 1. deild kvenna 2010. Selfoss endaði í 2. sæti í B-riðli með 39 stig eins og ÍBV en þær voru með betri markatölu. Selfoss komst því í fjögurra liða úrslitakeppnina. Selfoss átti leik við Þrótt sem endaði í fyrsta sæti í A-riðlis bæði heima og að heiman. Heimaleikurinn endaði 1:1 og útileikurinn 1:3. Selfoss stelpur dattu því út. En engu að síður frábær árangur og þær allar reynslunni ríkari.

Selfoss-liðið varð fyrir miklu áfalli í enda júlí þegar Katrín Ýr, sem hafði skorað 25 mörk í 11 leikjum, sleit krossbönd. Var hennar þátttöku þar með lokið á tímabilinu. Einnig misstum við tvær aðrar í krossbandaslit í enda sumars og munar um minna. Eftir þessi óhöpp fékk Helena mikinn reynslubolta til að draga fram skóna að nýju, Olgu Færseth. Hún spilaði tvo síðustu leikina í deildinni ásamt úrslitaleikjunum og skoraði 3 mörk.

### Lokaorð

Frábæru öðru tímabili er nú lokið og eins og árinu áður vorum við hársbreidd frá því að fara upp í úrvalsdeild. Liðið er ungt og margar mjög efnilegar stelpur eins og t.d. Guðmunda Brynja Óladóttir sem er 16 ára og hefur bæði spilað með u-17 og u-19 ára landsliðum á árinu, sjö leiki með u-17 og fimm leiki með undir u-19.

Helena Ólafsdóttir sagði starfi sínu lausu þann 1. október, sem kom reyndar öllum á óvart þar sem hún var búin að gefa það út að hún yrði áfram. Við þökkum henni fyrir gott starf og óskum henni góðs gengis í nýju starfi. Selfoss-liðið var ekki lengi þjálfaralaust því 9. október var skrifað undir samning við Björn Kristinn Björnsson sem hefur þjálfað úrvalsdeildarlið Fylkis sl. fjögur ár.

*F.h. meistaraflokksráðs kvenna  
Auður Ólafsdóttir*



## Skýrsla 2. flokks karla

Þjálfari var Jón Pétur Róbertsson, en hann var að þjálfa sitt annað ár hjá 2. flokki. Hann lét af störfum 1. október og við tók Halldór Björnsson. Strákarnir tóku þátt í Íslandsmóttinu og spiluðu í b-riðli. Einnig kepptu þeir í Bikarkeppni KSÍ þar sem árangur þeirra var viðunandi.

### Besti leikmaður: Aron Leifsson.

Hann spilaði alla leiki tímabilsins, hverja einustu mínútu. Hann var einnig í mörgum hlutverkum. Sem leiðtogi hélt hann hópnum saman hvernig sem viðraði. Sem fyrirlíði hvatti hann leikmenn til dáða á erfiðu tímabili og sem markmaður stóð hann sig mjög vel og reddaði liðinu oft með stórkostlegri markvörslu.

### Framför og ástundun: Ingvi Rafn Óskarsson.

Hann er alltaf mættur langt á undan öllum öðrum fyrir æfingu og æfði sig sjálfur. Hann er grannur og nettur, en tekur slaginn á miðjunni með mikilli tækni og útsjónarsemi. Hann hefur verið sleginn á kjaftinn og á höfuðið af andstæðingum, en alltaf stendur hann upp aftur, sterkari og ákveðnari í að verða betri leikmaður.

### Markakóngur: Reynir Óskarsson.

Bráðefnilegur knattspyrnumaður sem kemur frá Hellu. Reynir er jafnframt leikmaður 3. flokks og lék hann því með báðum flokkum og stóð sig mjög vel. Óhætt er að segja að hér sé mikið efni á ferð.

## Skýrsla 2. flokks kvenna

Þjálfari 2. flokks kvenna var Anna Þorsteinsdóttir, leikmaður meistaraflokks kvenna. 2. flokkur tók þátt í Faxaflóamóttinu, Íslandsmóttinu og Bikarkeppni KSÍ. Margar stelpur spiluðu bæði með 2. flokki og meistaraflokki. Árangur þeirra á árinu var ágætur. Þar sem mikil áhersla var lögð á meistaraflokkinn bitnaði það aðeins sá 2. flokki.

### Hugleiðingar um starf 2. flokks karla og kvenna

2. flokkur karla og kvenna er ein mikilvægasta uppeldisstöð fyrir meistaraflokka félagsins. Oft vilja þessi flokkar gleymast þar sem öll orka fer í meistaraflokkana. Bæði er það stjórnar félagsins og foreldra iðkenda að gera veg þessa aldurshóps sem mestan. Við eigum marga efnilega krakka sem eru að koma upp úr 3. flokki og þurfum að hlúa vel að þeim til að byggja aupp öflug lið til framtíðar

## Viðurkenningar meistaraflokka og 2. flokks 2010

### Verðlaunahafar í 2. flokki kvenna:

Markadrottning:	Íris Sverrisdóttir
Framför og ástundun:	Brynja Valgeirsdóttir
Leikmaður ársins:	Thelma Sif Kristjánsdóttir

### Verðlaunahafar í 2. flokki karla:

Markakóngur:	Reynir Óskarsson
Framför og ástundun:	Ingvi Rafn Óskarsson
Leikmaður ársins:	Aron Valur Leifsson

### Verðlaunahafar í meistaraflokki karla:

Leikmaður ársins:	Jóhann Ólafur Sigurðsson
Efnilegasti leikmaður:	Jón Daði Böðvarsson
Markakóngur:	Sævar Þór Gíslason
Framför og ástundun:	Ingþór J. Guðmundsson
Guðjóns-bikarinn:	Gunnar Rafn Borgþórsson

### Verðlaunahafar í meistaraflokki kvenna

Kona ársins:	Þóra Margrét Ólafsdóttir
Efnilegasti leikmaður:	Bríet Ómarsdóttir
Markadrottning:	Katrín Ýr Friðgeirsdóttir
Framfarir og ástundun:	Dagný Pálsdóttir
Guðjóns-bikarinn:	Lena Guðmundsdóttir

### Óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar

EB-kerfi/Útvarp Suðurlands og Árný Steingrimsdóttir

### Félagi ársins: Erling Huldarson

### Leikjaföldi:

Jón Daði Böðvarsson	50 leikir
Guðmundur Þórarinnsson	50 leikir
Stefán Ragnar Guðlaugsson	50 leikir
Henning Eyþór Jónasson	50 leikir
Jóhann Ólafur Sigurðsson	50 leikir
Jón Guðbrandsson	100 leikir



## Skýrsla unglíngaráðs

### Stjórn unglíngaráðs

Á síðasta aðalfundi knattspyrnudeildar voru eftirtaldir einstaklingar samþykktir sem fulltrúar í unglíngaráð: Olgeir Jónsson formaður, Selma Sigurjónsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir, Arnheiður Ingibergsdóttir og Helena Sif Kristinsdóttir. Starfsmaður unglíngaráðs er Sveinbjörn Másson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildarinnar.

### Viðburðaríkt og skemmtilegt ár

Þetta hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt ár og mikil gróska og framför í öllum flokkum, ótal skemmtilegar æfingar, hundruð skemmtilegra leikja, spennandi leikir, sætir sigrar, þrumufleygar, massívar tæklingar og örfáir ósigrar. Eftir þrotlausar vetraræfingar, sem krakkarnir stunduðu af mikilli elju og dugnaði sl. vetur við misgóð veðurskilyrði, tóku hin hefðbundnu vormót við, og æfingaleikir til undirbúnings fyrir sumarið.

### Tveir Íslandsmeistaratitlar

Íslandsmótið var svo á sínum stað og er skemmst frá því að segja að ágætur árangur náðist þar í öllum flokkum. Við eignuðumst Íslandsmeistara í 6. flokki karla b-liða og 3. flokki kvenna. Selfoss hefur ekki átt Íslandsmeistara í 11 manna bolta í 43 ár eða síðan 2. flokkur karla náðu þeim titli árið 1967. Sjá mátti stöðugar framfarir yfir sumarið og voru krakkarnir til mikillar fyrirmyndar í alla staði. Sérstaklega ánægjulegt var einnig að sjá hvað foreldrar voru duglegir að fylgja krökkunum í leiki og hvetja þá til dáða.

### Hefðbundin sumarmót

Auk Íslandsmótsins tóku flokkarnir þátt í hinum hefðbundnu sumarmótum, Polla- og Þæjumótunum í Eyjum, N1 mótinu á Akureyri, Síamótinu í Kópavogi, Skallagrímsmótinu í Borgarnesi og Rey-Cup í Reykjavík, svo nokkur séu nefnd. Og síðast en ekki síst Olísmótið okkar hér á Selfossi sem nú var haldið í fimmta sinn. Óhætt er að segja að Olísmótið hafi náð að festa sig í sessi og er nú stærsta einstaka fjáröflunarverkefni deildarinnar. Mótið var stækkað úr 48 liðum í 60 frá árinu áður og komu þessi lið frá 16 félögum. Mikil ánægja hefur verið með mótið hjá þeim liðum sem tekið hafa þátt og komast færri að en vilja. Mót af þeirri stærðargráðu sem Olísmótið er krefst mikillar vinnu og undirbúnings. Allir flokkar koma að þessari vinnu með einum eða öðrum hætti, og einnig eldri flokkarnir. Unglíngaráð vill þakka sérstaklega öllum þeim sem lögðu hönd

á plóg og hjálpuðu til með að gera Olísmótið að þessu glæsilega móti sem það er orðið. Vallarsvæðið okkar hefur tekið stakkaskiptum, ný og glæsileg stúka var tekin í notkun í sumar, æfingavöllum hefur fjölgað sem er til hagsbóta fyrir alla iðkendur.

### Gothia Cup

Strákarnir í 3. flokki fóru í glæsta keppnisferð til Svíþjóðar í sumar, þar sem þeir tóku þátt í Gothia cup og mættu til leiks með tvö lið í þessu sterka móti. Strákarnir stóðu sig mjög vel á þessu móti, þar sem bæði lið komust í a-úrslit.

### Öflugt barna- og unglíngastarf

Barna- og unglíngastarf á borð við það sem við reukum í knattspyrnudeildinni er gríðarlega mikilvægt í uppeldislegu samhengi. Á síðustu árum hefur verið unnið af miklum metnaði og krafti hjá knattspyrnudeildinni að því að efla yngri flokka starfið og gera það enn betra ár frá ári. Þetta er í raun verkefni sem aldrei lýkur, heldur verður stöðugt að vera á tánum og setja sér ný og háleitari markmið. Árangurinn af þessari vinnu kemur fram með ýmsum hætti og er hægt að mæla hann á marga vegu. Það er góður árangur útaf fyrir sig að sjá fjölgun iðkenda ár frá ári, og það er einnig til marks um góðan árangur að sjá fjöldann allan af kátum og glöðum krökkum á æfingum.

### Góður árangur meistaraflokka

EKKI verður hjá því komist hér að nefna þann frábæra árangur sem náðist í meistaraflokki kvenna nú í sumar, en eins og allir vita þá voru stelpurnar mjög stutt frá því að tryggja sér sæti í efstu deild. Meistaraflokkur karla tók þátt í því erfiða verkefni að spila í efstu deild í sumar sem er gott innlegg í reynslubanka þessara ungu leikmanna. Stór hluti af bæði meistaraflokk kvenna og karla hafa farið í gegnum yngri flokkana hér á Selfossi og eigið þið sem hér sitjið vonandi eftir að vera í þeirra sporum.

Það er því í senn ánægjulegt að horfa til baka og sjá að sú mikla uppbyggingarvinna sem unnin hefur verið er nú að skila okkur áþreifyanlegum árangri, og jafnframt spennandi að horfa fram á veginn á þau tækifæri sem við höfum skapað í gegnum öflugt barna- og unglíngastarf.

### Þakkið

Unglíngaráð vill nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg síðasta árið. Fyrst ber að þakka foreldrum og forráðamönnum fyrir frábært starf, keyrslu á leiki, kökubakstur, vinnu við fjáraflanir, Olísmót



og dygga stuðning á hliðarlínunni. Þá ber að þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem stutt hafa við bakið á yngri flokkastarfinu, en sá stuðningur er mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem starfið í raun er. Ekki má gleyma okkar frábæru þjálfurum, sem auðvitað gegna lykilhlutverki. Síðast en ekki síst viljum við þakka ykkur krakkar. Þið eruð frábær og forréttindi að fá að vinna með ykkur innan sem utan vallar.

### 3. flokkur kvenna

*Þjálfari: Guðmundur Sigmarsson.*

Stelpurnar tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með eitt lið í Íslandsmótinu. Þær náðu þeim frábæra árangri að komast taplausar í gegnum Íslandsmótið og enduðu sem Íslandsmeistarar í 3. flokki. Nokkrar stelpur spiluðu einnig stór hlutverk með 2. flokki og meistaraflokki í sumar.

### 3. flokkur karla

*Þjálfari: Gunnar Borgþórsson, yfirþjálfari yngri flokka.*

Strákarnir tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með tvö lið í Íslandsmótinu. Þeir fóru á Gothia Cup í Svíþjóð og voru hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina á Íslandsmótinu. Stöðugar framfarir hafa verið hjá strákunum í allt sumar og var æfingasóknin mjög góð.

### 4. flokkur kvenna

*Þjálfari: Jóhann Bjarnason.*

Góður hópur og öflugur æfir í þessum flokki. Stelpurnar tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með eitt lið í Íslandsmótinu.

### 4. flokkur karla

*Þjálfarar: Guðmundur Garðar Sigfússon og Gylfi Birgir Sigurjónsson.*

Stákarnir tóku þátt í Faxaflóamótinu, HSK-mótinu og Rey Cup. Einnig voru þeir með tvö lið í Íslandsmótinu.

### 5. flokkur kvenna

*Þjálfari: Aníta Guðlaugsdóttir*

Stelpurnar tóku þátt í Grindarvíkurmótinu, Faxaflóamótinu og voru með tvö lið í A-riðli á Íslandsmótinu. Einnig fóru þær með þrjú lið á Pæjumótið í Eyjum.

### 5. flokkur karla

*Þjálfari: Brad Alexander Egan og Guðjón Bjarni Hálfðánarson*

Þeir tóku þátt í hraðmóti á Akranesi, Faxaflóamótinu, Íslandsmótinu, N1-mótinu á Akureyri, Kjörís-mótinu í Þorlákshöfn og síðast en ekki síst hinu stórkostlega Olismóti á Selfoss. Flokkurinn var fjölmennur og stóð sig með þryði í sumar.

### 6. flokkur kvenna

*Þjálfari: Laufey Guðmundsdóttir.*

Þau mót sem 6. flokkur kvenna tóku þátt í eru nokkur. Þær fóru á dagsmót í Keflavík og þá eru stóru mótin á vorin og sumrin nokkur. Þær tóku þátt á Faxaflóamótinu. Í ár var okkar riðill spilaður á Selfossi og unnu stelpurnar þann riðil í ár. Þá tóku þær þátt á hnátumóti KSÍ sem er einkonar Íslandsmót. Í ár náðu stelpurnar á yngra ári (b-liðið) þeim fína árangri að hafna í 2. sæti. Stóra mótið var svo klárlega Síamótið sem haldið er af Breiðablik. Þar stóðu stelpurnar sig ágætlega og voru félagi sínu til sóma. Selfoss sendi þrjú lið á mótið.

### 6. flokkur karla

*Þjálfarar: Guðmundur Sigmarsson og Stefán Ragnar Guðlaugsson*

Strákarnir tóku þátt í Shellmótinu, þar sem að þeir mættu með 5 lið, Pollamóti KSÍ, Dominos mótinu og nokkur vinnamót m.a. hjá Breiðablik, Hrunamönnum og hér heima. Eins og fram kom hér á undan þá varð b-liðið Íslandsmeistari í suðvesturriðli.

### 7. flokkur karla og kvenna

*Strákar þjálfari: Gunnar Borgþórsson.*

*Stelpur þjálfari: Laufey Guðmundsdóttir.*

Í þessum flokkum fá allir krakkarnir viðurkenningu fyrir frábæran árangur og dugnað. Strákarnir tóku þátt í Kaupþingsmótinu á Akranesi. Stór og fjölmennur hópur æfði í 7. flokki. Stelpurnar fóru á Síamótið í Kópavogi og gerðu góða hluti þar.



## Skýrsla formanns

Undirritaður tók við formennsku mótokrossdeildarinnar rétt fyrir síðasta aðalfund UMFS. Deildin var búin að vera í lægð vegna formannsleysis og tókst þ.a.l. ekki að halda aðalfund hjá félaginu. Stjórninn var því óbreytt nema að nýr formaður kom til sögunnar.

### Brautin lagfærð

Sumarið fór hægt af stað sökum þess hversu illa við erum tækjum búin. Þegar leið á sumarið fengum við lánaða vél frá Vélgröfunni og gátum þá hafist handa við að lagfæra brautina eftir veturinn. Svo vorum við svo lánsöm að fá afnot af traktor sem Sveitarfélagið Árborg á. Hann gátum við notað til að draga herfi eftir brautinni til að slétta hana. Svoleiðis yfirhalning tók um 2 klukkustundir. Með þessu móti gátum við hjólað í brautinni til byrjun nóvembers, sem vanalega er orðin ófær í september. Þetta sparaði okkur bæði peninga og tíma.

### Barna mótokross

Fyrsta skrefið að barna mótokrossbraut var tekið og var greinilegt að þörf var á því. Ótrúlega gaman var að sjá hversu margir ungir krakkar stunda þessa íþrótt. Stefnan er að eyða miklu púðri í að klára brautina fyrir krakkana næsta sumar.

### Brautarleyfi endurnýjað

Engin keppni var haldin í Selfossbrautinni síðasta sumar vegna þess að leyfið fyrir brautinni var runnið út. Búið er að endurnýja það og stefnan sett á að halda bikarmót þar sumarið 2011.

Keppendur sumarsins stóðu sig með þryði, þó engum titli hafi verið landað. Gaman er að geta þess að það var kvenmaður sem var næst því að lenda í sæti til Íslandsmeistara.

Spennandi verkefni bíður okkar næsta sumar og erum við þegar farin að undirbúa okkur fyrir Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina 2012. Einnig erum við að bíða eftir að fá nýja svæðið afhent, en það er vestan megin við flugvöllinn, svo hægt verði að hefja undirbúningsvinnu á brautastæðinu.

Verkefnin eru mörg sem bíða okkar næstu árin og er þetta krefjandi og skemmtilegt starf.

Að lokum vil ég fyrir hönd deildarinnar þakka Erni Guðnasyni framkvæmdastjóra og Hansínu Kristjánsdóttur bókara fyrir frábært samstarf og jákvætt viðmót í okkar garð.

*F.h. mótokrossdeildar,  
Magnús Ragnar Magnússon, formaður.*



## Skýrsla formanns

Á síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 17. mars 2010, voru eftirtaldir kjörnir í stjórn; Guðmundur Jóhannesson, Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir, Edda Björk Ólafsdóttir, Sigríður Runólfssdóttir og Sveinn Svavarsson. Var menn voru kjörnir Helga Sigurðardóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir. Verkaskipting stjórnar hefur verið þannig að Guðmundur er formaður, Ingibjörg varaformaður og gjaldkeri og Edda Björk og Sigríður hafa skipt ritarastörfum á milli sín. Sveinn starfaði í stjórn fram á vorið en sagði sig þá úr stjórninni vegna breytinga á sínum höfum.

Stjórnin hefur fundað 8 sinnum frá síðasta aðalfundi auk þess sem formaður og varaformaður hafa setið fundi aðalstjórnar Ungmennafélagsins en í henni eiga sæti framkvæmdastjórn félagsins og formenn deilda. Aðalstjórn fundar alla jafna mánaðarlega.

### Fjárfarflanir

Fjárfarflanir deildarinnar á árinu voru hefðbundnar. Deildin sá um kaffiveitingar á aðalfundi Ungmennafélagsins og flöskum var safnað. Við höfum létt vinnuna við flöskusöfnunina mikið frá því sem var. Þokum er ekki lengur dreift og miðum sendir í fjölpósti. Tekjur af flöskusöfnun hafa dregist saman en kostnaður hefur að sama skapi minnkað þannig að þetta er eftir sem áður einn mikilvægast fjárfarflunarliður deildarinnar. Auk þessa höfum við allmiklar tekjur af sölu auglýsingaskilta við sundlaugin á Selfossi þó að þar höfum við ekki farið varhluta af efnahagsástandinu en mörg fyrirtæki halda að sér höndum.

Þá er ótalið ungbarnasundið sem skilar deildinni verulegum tekjum á ári hverju. Guðbjörg Bjarnadóttir sýnir deildinni þar mikla velvild og tryggð sem undirrituðum er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir.

### Þjálfaramál

Bryndís Ólafsdóttir gegnir sem fyrr stöðu yfirþjálfara og sá um þjálfun gull-, títan- og eirhópa á tímabilinu janúar-maí. Hrafnhildur Guðmundsdóttir sá á sama tíma um þjálfun silfur-, kopar- og brónshópa sem að vísu æfðu aðeins út apríl. Hrafnhildur hætti svo þjálfun að þeim tíma liðnum og Bryndís sá því um þjálfun allra hópa á tímabilinu september–desember. Eftir áramótin 2010/11 tók Guðbjörg H. Bjarnadóttir við þjálfun yngstu iðkendanna. Bryndís

Ólafsdóttir hefur einnig haft veg og vanda af Sundskóla sunddeildarinnar en á árinu voru haldin 6 námskeið með 49 þátttakendum.

### Foreldrastarf

Íþróttastarf barna og unglinga á Íslandi byggir að verulegu leyti á samstarfi viðkomandi íþróttafélaga við foreldra iðkenda. Brýnt er að það sé eins gott og mögulegt er á hverjum tíma. Stjórn deildarinnar hefur reynt að bæta þetta, m.a. með góðu upplýsingaflæði um starf deildarinnar til foreldra. Í haust var að venju gefinn út bæklingur um vetrarstarfið sem dreift var til allra foreldra og heimasíðan hefur verið uppfærð með reglulegum hætti auk þess sem miklu magni af upplýsingum hefur verið bætt þar inn.

Foreldraráð var skipað á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund. Í því eiga sæti Elín Hafsteinsdóttir, Helga Sigurðardóttir og Sigríður Pálsdóttir. Því miður hefur foreldraráð ekki starfað með reglubundnum hætti en það er von okkar að breyting verði á.


### Iðkendur

Í janúar 2010 var fjöldi iðkenda 41 en því miður voru heimtur slakar eftir sumarfrí og í desember voru iðkendur 30 talsins. Vonandi verður framhald á fjölgun iðkenda sem myndi auðvelda okkur starfsemi á margan hátt. Meðal annars myndi fjárhagslegur grundvöllur starfsins styrkjast og hægt yrði að dreifa vinnunni á fleiri hendur.

Það er von okkar í stjórn sunddeildarinnar að okkur takist að auka iðkenda fjöldann á næstu árum en segjast verður eins og er að það er við ramman reip að draga gagnvart öðrum vinsælum íþróttagreinum. Það er líka okkar sjónarmið að halda ekki uppi samkeppni milli deilda um iðkendur heldur að börnin/unglingarnir finni sjálf hvaða íþrótt hentar þeim best. Okkar markmið er að búa þeim sem besta umgjörð og stuðla að félags-, and- og líkamlegum þroska hvers einstaklings.

Hins vegar er ekki hægt annað en lýsa nokkrum áhyggjum yfir varðandi framtíð sundíþróttarinnar á Selfossi með svo lítinn hóp iðkenda sem stundar sundæfingar með reglubundnum hætti.

Varðandi árangur einstakra iðkenda vísast til skýrslu yfirþjálfara að öðru leyti en því að rétt er að geta þess að á



héraðsþingi HSK í mars 2010 var Hrólfur Laugdal valinn sundmaður HSK 2009 og á hérðasþingi HSK í mars 2011 var Ólöf Eir Hoffritz valin sundmaður HSK 2010. Sunddeildin óskar þeim til hamingju með þessa útnefningu sem er viðurkenning fyrir mjög góða ástundun og dugnað sem skilað hefur sér í miklum framförum.

## Mót og ferðir

Sundmenn frá deildinni kepptu á 13 sundmótum sem er einu færra en árið áður. Fjögur þessara mótu voru á HSK-svæðinu og þar af tvö haldin af sunddeildinni sjálfri. Þá sendum við 3 keppendur á Aldursflokkeistaramót Íslands á Akureyri. Fjórir iðkendur náðu lágmarkum.

Sunddeildin náði prýðilegum árangri á þessum mótum og sigraði á Unglingamóti HSK á Selfossi. Aldursflokkmótinu í Þorlákshöfn töpuðum við naumlega með þriggja stiga mun fyrir Hamri. Hamar vann síðan hérðasmótið með nokkrum yfirburðum enda lið okkar hvergi nærri fullskipað. Þórðarmótið sem haldið var 7. nóvember var fjölmennasta sundmót á Selfossi nú í seinni tíð. Að þessu sinni voru 99 keppendur skráðir á mótið en þeir komu frá Selfossi, Hveragerði, Hvalsvellu og Grindavík.

Farið var í hina hefðbundnu vorferð í Prastarlund í vor þar sem farið var í leiki og grillað. Ekki var farið í æfingabúðir á þessu hausti.

## Félagslíf

Félagslíf innan deildarinnar hefur verið í lágmarki á þessu ári. Þrátt fyrir það er samheldni iðkendahópsins er mikil og aðdáunarvert að sjá hve vel eldri iðkendur aðstoða þá yngri jafnt á mótum sem og æfingum. Hefðbundnir viðburðir eins og aðventuskemmtun og uppskeruhátíð hafa þó verið til staðar.

Segja má að aðhaldssemi í rekstri hafi mótað félagslífið nokkuð en vegna fárra iðkenda er lítið fjárhagslegt svigrúm til þess að takast á við fjölbreytt verkefni sem þyrfti þó að vera raunin.

## Áhaldakaup

Á árinu var fjárfest í sundkútum og nýjum korkum til notkunar við þjálfun.

## Lokaorð

Þær aðstæður sem ríkt hafa í þjóðfélaginu undanfarin misseri hafa gert fjármögnun íþróttastarfsemi erfiðari en áður. Styrkveitingar fyrirtækja hafa dregist saman og aðrar fjáraflanir eru örðugari en áður. Ef ekki á að koma til hækunar á æfingagjöldum verðum við að ná auknum fjölda iðkenda inn í íþróttina. Þar er við ramman reip að draga eins og áður sagði en íþróttir eins knattspyrna, fimleikar og handbolti taka til sín meginþorra barna og ungingla á svæðinu. Eftir stendur þó sú staðreynd að mikill meirihluti barna og ungingla á Selfossi stundar skipulagt íþróttastarf sem hlýtur á allan hátt að koma okkur til góða er fram í sækir. Það er líka staðreynd að æfingagjöld hjá Umf. Selfoss eru lág sem kemur til vegna almennrar og góðrar þátttöku auk velvilja fyrirtækja sem styðja við starfið. Þá má ekki gleyma því mikla og góða starfi sem foreldrar og velunnarar félagsins leggja af mörkum.

Ég vil að lokum þakka stjórn og þjálfurum deildarinnar kærlega fyrir samstarfið sem hefur verið með mjög gott. Þá vil ég þakka Erni Guðnasyni, framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins og Hansínu Kristjánsdóttur, bókara Ungmennafélagsins gott samstarf og góða vinnu á þágu sunddeildarinnar.

Ég vil enn fremur þakka iðkendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

*Guðmundur Jóhannesson, formaður sunddeilda*



## Þjálfaraskýrsla vegna ársins 2010

Iðkendum fækkaði úr 41 í janúar niður í 30 í desember. Eftir sumarfrí skiluðu aðeins 22 iðkendur sér til æfinga fyrstu vikuna en fjölgaði svo upp í áður nefnda tölu innan mánaðar með nýjum iðkendum.

### Sundmót

Sunddeild Umf. Selfoss fór með sundmenn sína á 13 sundmót á árinu. Fjögur mótanna voru á HSK-svæðinu, tvö þeirra voru haldin af sunddeildinni sjálfri. Við sendum 3 keppendur á Aldursflokkeistaramót Íslands. Fjórir náðu lágmarkum en Kári Valgeirsson ákvað að taka ekki þátt í mótinu. Hannes Höskuldsson varð 9. í 100m fjórsundi á tímanum 1:34,69 sem er bæting um tæpar 3 sekúndur, í 11. sæti 100m flugsundi á tímanum 1:50,79 sem var langt frá hans besta tíma. Ólöf Eir Hoffritz varð 19. í 100m skriðsundi á tímanum 1:09,45 sem er bæting um 1,2 sek., 20. sæti í 100m flugsundi á 1:26,63 sem var 2 sek. frá hennar besta og 24. sæti í 200m skriðsundi á 2:34,72. Hrólfur Laugdal Árnason varð 17. í 100m flugsundi á tímanum 1:14,92 sek. sem er bæting um 1,5 sek., 12. sæti í 100m bringusundi á tímanum 1:21,54 sem er bæting um tæpar 7 sek., 17. sæti í 200m fjórsundi með 9 sek. bætingu og 19. sæti í 100m skriðsundi á 1:01,28 sem var 0,3 sek yfir besta tímanum hans.

Frá og með september jókst synd vegalengd á sundæfingum í gullhópi um hálfan kílómetur að jafnaði og er að meðaltali frá september til desember 2.850 m á æfingu, þar með talin eru jólafrí og fleiri frí sem lækka töluna umtalsvert. Markmiðið er að hækka þessa tölu frá og með næsta ári. Títanhópur syndir á æfingum 2.000 metra á klukkustund.

### Viðurkenningar

Ásgeir Nemisio Halldórsson bætti sig mest á árinu eða um 30,61 sekúndur í 100m skriðsundi. Alls bættu 5 sundmenn sig um meira en 10 sek. í 10 greinum. Tólf sundmenn fengu viðurkenningu fyrir góða ástundun og dugnað á árinu en til þess að ná því þarf a.m.k. 80% mætingu á æfingar.

### Ferðir

Við fórum ekki í æfingabúðir að Borg í Grímsnesi vegna fækkunar á iðkendum í september. Hin hefðbundna lautar-og grillferð í Þratarlund í vor var farin en eftir þá ferð eru flestir sundmennirnir okkar komnir í sumarfrí.

### Árangur

Tveir sundmenn náðu 500 stigum eða meira fyrir synt sund. Þetta er fækkun um tvo. Stigahæstur var Hrólfur Laugdal Árnason með 565 stig fyrir 100m skriðsund. Ólöf Eir Hoffritz náði 549 stigum fyrir 100m skriðsund og 540 stigum fyrir 50m skriðsund

### Afrekaskrá sunddeildar Selfoss (10 bestu) - synt árið 2010

Ólöf Eir Hoffritz synti sig inn í 10. sætið í 50m flugsundi, 8. sæti í 100m fjórsundi og 9. sæti í 200m skriðsundi. Hrólfur Laugdal náði 10. sætinu í 50m skriðsundi og 50m flugsundi. Hannes Höskuldsson komst í 10. sæti í 100m fjórsundi.

### Sundskóli sunddeildar

Sundskólinn var á sínum stað og var með 6 námskeið með 49 þátttakendum.

### Flokkar deildarinnar

Í janúar voru allir 6 flokkarnir í gangi, en frá september til desember var enginn í eirhópi þar sem enginn nýr iðkandi kom inn í þann hóp vegna fækkunar á framhaldsnámskeiðum.

### Þjálfarar

Bryndís Ólafsdóttir var yfirþjálfari sunddeildarinnar og þjálfaði gull-, títan- og eirhópa á tímabilinu janúar-maí. Í september tók hún svo við öllum hópum og þjálfaði þá út árið. Hrafnhildur Guðmundsdóttir þjálfaði silfur-, kopar- og bronshópa á tímabilinu janúar-apríl en hætti svo þjálfun um vorið.

*Bryndís Ólafsdóttir, yfirþjálfari*



## Skýrsla formanns

Starfsárið byrjaði 2. janúar á afmælisæfingu fyrir gjaldkerann okkar hana Heiðu, en hún varð fertug þann dag. Nokkuð góð mæting var á fyrstu æfingarnar og nýjir iðkendur komu inn á öllum aldri. Æfingar voru þrjár í viku á Selfossi og þrjár í viku á Stokkseyri.

Starfið gekk mjög vel á vorönninni og tókum við þátt í mótum með mjög góðum árangri. Greinilegt er að TKD Selfoss er að eignast mjög gott keppnislið, margir iðkendur eru á meðal þeirra fremstu á landinu og aðrir mjög efnilegir. Við tókum þátt í dómaranámskeiði og erum í dag með fjóra B-dómara og þrjá C-dómara, en stefnan er að fjölga þeim enn frekar.

Sumarstarfið var gróskumikið. Daníel Jens var með æfingarnar þrjár í viku og það voru margir sem prófuðu taekwondo í sumar í fyrsta sinn. Sýnir það að sumarstarf deilarinnar er að skila nokkuð mörgum nýjum iðkendum. Við tókum þátt í 100 ára afmælishátíð HSK, Vor í Árborg og Sumar á Selfossi. Master Sigursteinn Snorrason aðstoðaði deildina við þessa atburði og þakkar deildin fyrir þá aðstoð. Þessar kynningar vöktu mikla athygli.

Yfirþjálfari deildarinnar, Daníel Jens Pétursson, tók þátt í samstarfsverkefni TKD Selfoss og HSK á leikjanámskeiðunum með það að markmiði að kynna nýjar íþróttgreinar á sambandsvæði HSK. Það skilaði sér í því að Umf. Hekla óskaði eftir samstarfi við TKD Selfoss. Æfingar hófust á Hellu í haust einu sinni í viku. Greinilegt er að taekwondoíþróttin á fullt erindi hér á Suðurlandi, íþrótt sem sem öll fjölskyldan getur stundað saman og allir geta æft þó reynsla í annarri íþróttaiðkun sé lítil.

Helgina 16.-18. júní var farið í hreint frábæra fjölskylduútilegu í Brautarholt á Skeiðum. Þar voru 60 þátttakendur í leikjum og æfingum alla helgina í blíðskaparverði. Það var

samdóma álit allra á svæðinu að slík fjölskylduhelgi yrði að vera árlegur viðburður hjá TKD Selfoss.

Master Sigursteinn og Daníel Jens Pétursson voru með kynningu í Sunnulaekjarskóla í haust sem gekk mjög vel og í kjölfarið bættust 40 nýjir iðkendur við á öllum aldri. Í dag eru um 100 iðkendur á Selfossi sem stunda taekwondo. Æfingarhúsnæðið er orðið alltof lítið og hentar ekki lengur undir svona stóra deild. Vonandi verða endurbætur á því haustið 2011. Við erum búin að óska eftir stærrri sal með taekwondodýnum á gólfi, geymslu fyrir búnað og bættri búningaástöðu fyrir bæði kynin.

Í september kom Chloe Bruce til okkar og var með æfingabúðir í lðu. Chloe er heimsmeistari í hásparki með 201 snertingu án þess að láta fótinn niður á einni mínútu. Chloe var með teygjuæfingar og parkour æfingar. Meiri þátttaka hefði mátt vera frá öðrum deildum UMFS, því það er ekki á hverjum degi sem svona heimsklassa þjálfari kemur á Selfoss.

Frá haustinu var Daníel Jens Pétursson í fullu starfi sem taekwondoþjálfari. Hann tók 2. dan beltapróf í október sem hann stóðst með þrýði. Þann 18. desember bættust svo tveir aðrir svartbeltingar í hópinn, en það voru Brynjólfur Ingvarsson og Davíð Arnar Pétursson. Davíð Arnar er yngsti iðkandi á landinu sem ber poom belti. Deildin óskar þessum þremur félögum innilega til hamingju með frábærann árangur.

Í haust barst okkur liðsauki þegar Meisam Rafiei hóf að þjálfra hjá okkur einn dag í viku, allar æfingar. Meisam er þrefaldur heimsmeistari í bardaga. Er mikill fengur að honum sem viðbót við annars frábæra þjálfun deildarinnar. Meisam kaus að vera skráður í Umf. Selfoss og keppir því fyrir hönd Selfoss á mótum, bæði innanlands sem utan.

*Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður*

# Taekwondodeild



## Árangur á mótum 2010

### B.S. bikarmót 2 – Keflavík 24/3 og 25/3

#### Barnaflakkar – Sparring

##### Gull:

Davíð Arnar Pétursson

Ísak Máni Stefánsson

Aron Bragason

##### Brons:

Dagný María Pétursdóttir

Nikulás Torfason

Skúli Darri Skúlason

Elmar Jóel Kristinsson

Sindri Ragnarsson

Tristan Magni Hauksson

Haukur Steinn Jóhannsson

Ingimar Örn Sveinsson

#### Barnaflakkar – Poomse

##### Gull:

Ísak Máni Stefánsson

##### Silfur:

Sindri Ragnarsson

Haukur Steinn Jóhannsson

##### Brons:

Ólöf Ólafsdóttir

### B.S. bikarmót 3 Selfossi

#### Barnaflakkar – Sparring

##### Gull:

Ísak Máni Stefánsson

Davíð Arnar Pétursson

Elmar Jóel Kristinsson

Tristan Magni Hauksson

##### Silfur:

Sindri Ragnarsson

Nikulás Torfason

Sindri B. Víðisson

##### Brons:

Ólöf Ólafsdóttir

Dagný María Pétursdóttir

Ingimar Örn Sveinsson

Ómar Leví Ómarsson

Gísli Rúnar Gíslason

Sigurgrímur Vernharðsson

#### Barnaflakkar – Poomse

##### Gull:

Ómar Leví Ómarsson

Ísak Máni Stefánsson

##### Silfur:

Sindri B. Víðisson

Tristan Magni Hauksson

Birgitta Tommysdóttir Skyllé

Ingimar Örn Sveinsson

##### Brons:

Sigurgrímur Vernharðsson

Sindri Ragnarsson

#### Keppandi mótsins:

Ísak Máni Stefánsson

#### Fullorðnir – Sparring

##### Gull:

Arnar Freyr Indriðason

Aron Bragason

Elin Linnea

Ragnar Pálsson

Sunna Valdemarsdóttir

##### Silfur:

Þorvaldur Gunnarsson

Víðir Reyri Björgvinsson

Bjarnheiður Ástgeirsdóttir

Einar Karl Júlíusson

##### Brons:

Karítas Gunnarsdóttir

Júlíus M. Pálsson

Guðrún Vilmundardóttir

Gunnar Páll Júlíusson

#### Fullorðnir – Poomse

##### Gull:

Hekla Þöll Stefánsdóttir

##### Brons:

Júlíus M. Pálsson

HSK-mót á Selfossi 6. júní

#### Karlar Senior:

1. Arnar Freyr Indriðason

2. Ármann Ingunnarson

3. Þorvaldur Gunnarsson

#### Karlar Junior:

1. Gunnar Páll Júlíusson

2. Einar Karl Júlíusson

#### Konur:

1. Bjarnheiður Ástgeirsdóttir

2. Hekla Þöll Stefánsdóttir

3. Helga Mjöll Stefánsdóttir

#### Krakkar lægri belti -33kg:

1. Nikulás Guðmundur Torfason

2. Tristan Magni Hauksson

3. Haukur Steinn Jóhannsson

#### Krakkar lægri belti -44kg:

1. Ómar Leví Ómarsson

2. Birgitta Tommysdóttir Skille

3. Ingimar Örn Sveinsson

#### Krakkar hærri belti:

1. Davíð Arnar Pétursson

2. Ísak Máni Stefánsson

3. Dagný María Pétursdóttir

### Íslandsmótið í Poomsae í Hrafnagili

Í barnaflokknum urðu systkynin Dagný María og Davíð Arnar Pétursbörn í fyrsta og öðru sæti og er Dagný María því Íslandsmeistari í Poomsae í sínum aldursflokki.

#### Í hópa – Poomsae fullorðinna náðu

Hekla Þöll Stefánsdóttir, Ísak Máni Stefánsson og Guðrún H. Vilmundardóttir að komast í fimm hópa úrslit.

#### Í einstaklings Poomsae fullorðinna

komust Guðrún H. Vilmundardóttir, Hekla Þöll Stefánsdóttir og Daniel Jens Pétursson í fimm manna úrslit og Ísak Máni Stefánsson komst í fimm manna úrslit í minior flokki.



## Skýrsla stjórnar

Alls voru haldnir 5 fundir á árinu. Þann 27. maí var fyrsti fundurinn haldinn með stjórn UMFS og stjórn KRAFT. Þar var ákveðið að gera eitthvað úr félaginu og koma Selfossi á kortið sem félagi. Ákveðin var að stjórn yrði skipuð eftirfarandi: Bryndís Ólafsdóttir formaður, Sigríður Júlía Wíum gjaldkeri, Díaná Rós Magnúsdóttir ritari, Arnar Freyr Ólafsson meðstjórnandi og Einar Geir Guðnason meðstjórnandi.

Um miðjan júlí hélt stjórnin fyrsta fund sinn og var samþála um að það þyrftum að afla deildinni iðkenda. Þá var líka ákveðið að gjöld fyrir að æfa yrðu 5.000 kr. fyrir árið fyrir iðkendur og 2.000 kr. fyrir árið fyrir styrktaraðila. Hugmyndir voru ræddar um að finna einhvern varning til þess að selja til fjáröflunar.

Þann 9. september var haldinn fundur til þess að skipuleggja mótið sem við höfðum fengið þann 4. desember. Þá var kennitala á leiðinni handa deildinni svo við gætum stofnað reikning og byrjað að rukka inn æfingagjöld. Við fengum lðu til þess að halda mótið og ákváðum að vera með kaffisölu til fjáröflunar. Svo var ákveðið hverjir ættu að gera hvað fyrir þetta mót.

Þann 20. október var 4. fundurinn og þá var búið að ákveða að panta boli til þess að selja á mótunum til fjáröflunar. Búið var að sækja um styrki hjá Menntamálaráðuneyti, HSK og Árborg.

Síðasti fundur ársins 2010 var haldinn 15. desember og þá var farið yfir hvað kom inn og hvað fór út í sambandi við mótið og tilnefnd íþróttamaður og íþróttakona ársins.

*Díaná Rós Magnúsdóttir, gjaldkeri*

## Þjálfaraskýrsla

*fyrir tímabilið september – desember 2010.*

Undirritaðuð byrjaði að þjálfá í byrjun september. Þá voru einungis tveir iðkendur á skrá sem æfðu. Fljótlega bættust fleiri við og um áramót voru átta sem æfðu undir merkjum Selfoss. Þá höfðu nokkrir byrjað og hætt. Fáar konur hafa sýnt áhuga en þær eru samt tvær sem æfa reglulega sem er ekki slæmt hlutfall ef haft er í huga hversu fáir æfa enn sem komið er.

### Mót á þessu tímabili

Tvö mót voru á þessu tímabili sem kraftlyftinganefnd Selfoss átti keppendur á, Bikarmótið sem fór fram 24. október í Mosfellsbæ og Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu, sem kraftlyftinganefnd Selfoss hélt 4. desember í íþróttahúsinu lðu. Við áttum keppendur á báðum þessum mótum. Daníel Geir Einarsson var eini keppandinn á Bikarmótinu en féll úr keppni. Á Íslandsmeistaramótinu í réttstöðu áttum við 4 keppendur, tvær konur og tvo karla. Þær Bryndís Ólafsdóttir og Rósa Birgisdóttir unnu báða sína flokka og settu m.a. Íslandsmet. Íslandsmet Bryndísar er 130 kg í -82,5 kg flokki og met Rósu er 142,5 kg í +90 kg flokki. Karlarnir voru þeir Ástmundur Sigmarsson og Daníel Geir Einarsson. Ástmundur varð annar í -100 kg flokki með 240 kg lyftu og var aðeins hársbreidd frá Íslandsmeti í síðustu lyftu sinni (252,5 kg) sem hann missti. Daníel gekk einnig vel og lyfti hann 250 kg í flokknum +125 kg og vann annað sæti í sínum flokki.

### Árangur á þessu tímabili

Tvö Íslandsmet voru sett af iðkendum kraftlyftinganefndar Selfoss og bæði voru þau í kvennaflokkum. Þjálfari Selfoss er Benedikt Magnússon. Annar árangur sem keppandi undir merkjum UMFS náði var á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum. Daníel Geir Einarsson varð 3. í opnum flokki í -125kg og 1. sæti í drengjaflokki með 530 kg samanlagt.

*Bryndís Ólafsdóttir, formaður.*



# Reikningar

félags og deilda  
2010

## Rekstrarreikningur 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Framlög og styrkir .....	1	50.453.776	40.227.787
Auglýsingatekjur .....	2	721.917	703.853
Aðrar tekjur .....	3	1.493.745	2.598.920
		<b>52.669.438</b>	<b>43.530.560</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og verktakagreiðslur .....	4	13.929.373	16.023.239
Styrkir til deilda .....	5	35.015.746	23.271.032
Áhöld og tæki .....	6	343.774	457.280
Kostnaður vegna mótahalds .....	7	31.235	93.327
Rekstur skrifstofu .....	8	1.396.348	1.604.174
Kynning, fræðsla og útbreiðsla .....	9	2.209.449	1.555.715
Kostnaður v/samkeppnisreksturs .....	10	145.588	145.372
Önnur gjöld .....	11	271.244	235.954
		<b>53.342.757</b>	<b>43.386.093</b>
<b>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>		<b>(673.319)</b>	<b>144.467</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</b>			
Vaxtatekjur .....		252.925	943.219
Vaxtatekjur jólasv.nefnd .....		171.122	298.697
Vaxtagjöld .....		(10.633)	(36.786)
Þjónustugjöld banka .....		(33.754)	(29.860)
Fjármagnstekjuskattur .....		(73.871)	(140.690)
		<b>305.789</b>	<b>1.035.188</b>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		<b>(367.530)</b>	<b>1.179.655</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2009	2008
<b>EIGNIR</b>			
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	32.204.443	30.657.993
		<b>32.204.443</b>	<b>30.657.993</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
Vörubirgðir .....	13	215.040	315.040
Skammtímakröfur .....	14	1.298.767	752.324
Handbært fé .....	15	10.976.370	10.429.367
		<b>12.490.177</b>	<b>11.496.731</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>44.694.620</b>	<b>42.154.724</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		41.300.804	40.121.149
Tekjuafgangur ársins .....		-367.530	1.179.655
		<b>40.933.274</b>	<b>41.300.804</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Skammtímaskuldir .....	16	3.761.346	853.920
		<b>3.761.346</b>	<b>853.920</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>44.694.620</b>	<b>42.154.724</b>

# Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss

## Skýringar

### 1. Framlög og styrkir

#### Framlög og styrkir sambanda

Lottó .....	2.633.776
Framlög og styrkir sambanda alls	2.633.776

#### Styrkir, Sveitarfélagið Árborg

Styrkur v/fyrirmyndarfélag .....	3.100.000
Styrkur íþróttasalur Gagnheiði .....	600.000
Styrkur mótokrossbraut .....	2.000.000
Styrkur íþróttavöllur við Engjaveg .....	15.000.000
Aukafjárveiting v/íþróttavallar .....	5.500.000
Styrkur í afreksmannasjóð .....	2.200.000
Styrkur v/ barna- og unglíngastarfs .....	2.700.000
Styrkir v/æfingaaðstöðu utan Árborgar .....	1.000.000
Rekstrarstyrkur .....	10.600.000
Styrkur v/íþr. og tólmundaskóla .....	2.500.000
Styrkur v/jólasveina og þrettánda .....	1.500.000
Styrkir, sveitarfélag alls	46.700.000

#### Aðrir styrktaraðilar

Ýmsir styrkir frá fyrirtækjum .....	1.120.000
Aðrir styrktaraðilar alls	1.120.000

**Framlög og styrkir alls 50.453.776**

### 2. Auglýsingatekjur

Auglýsingar í ársskýrslu .....	40.000
Aðrar auglýsingatekjur .....	681.917

**Auglýsingatekjur alls 721.917**

### 3. Aðrar tekjur

Minningarkort .....	500
Tekjur af íþrótt- og tólmundaskóla .....	971.875
Leiðréttar viðskiptakröfur .....	-630
Jólasveinanevnd .....	522.000

**Aðrar tekjur alls 1.458.455**

### 4. Laun og verktakgreiðslur

Laun .....	10.619.020
Verktakgreiðslur .....	317.513
Tryggingagjald .....	1.068.741
Lífeyrissjóður 8% .....	993.141
Orlofs- og sjúkrasjóður .....	160.054
Bifreiðastyrkir .....	770.904

**Laun og verktakgreiðslur alls 13.929.373**

### 5. Styrkir til deilda

Lottó til deilda .....	2.370.398
Æfingar utan Árborgar .....	800.000
Gagnheiði - júðódeild .....	600.000
Mótokrossbraut/mótokrossdeild .....	2.000.000
Rekstur íþróttavallarsvæðis .....	15.000.000
Vallarstjórn aukaframlag v/stúku .....	5.500.000
Styrkir úr afreksmannasjóði .....	2.200.000
Styrkir til fyrirmyndardeilda .....	3.100.000
Systkinaafsláttur .....	48.000
Skattur til HSK .....	447.349
Félagið er myndað af einstaklingum sem mynda deildir um iðkun viðurkenndrar íþróttagreinar eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum ungmenna- og íþróttafélagshreyfingarinnar og hafa sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda.

### 7. grein.

Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og greiðir árgjald. Heimilt er að skrá sig í fleiri en eina deild. Hægt er að gerast félagi í Umf. Selfoss án þess að ganga í deild innan félagsins og skulu þeir einstaklingar heyra undir aðalstjórn. Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins. Aðalstjórn er heimilt að víkja félagi úr félaginu hafi hann

brotið gegn lögum félagsins eða álfti hún framkomu hans eða gjörðir að öðru leyti víttaverðar.

### 8. grein.

Heimilt er að afla styrktarféлага sem hafa öll sömu réttindi og aðrir félagar. Ákveða skal félagsgjald styrktarféлага til deilda á aðalfundi viðkomandi deildar en til aðalstjórnar á aðalfundi Umf. Selfoss.

### 9. grein.

Árgjald féлага skal vera það sama hjá öllum deildum og ákveðið á aðalfundi Umf. Selfoss.

## 4. kafli – Deildir

### 10. grein.

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttgreinum skv. skilgreiningu ÍÓÍ eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum íþróttar og ungmennafélaganna. Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi. Til þess að deild teljist starfhæf skulu að jafnaði a.m.k. 20 félagar viðkomandi deildar hafa greitt félagsgjöld.

Komi fram skrifleg umsókn frá a.m.k. 20 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn félagsins standa fyrir stofnfundi nýrrar deildar samkv. 13. gr. laga félagsins og leggja síðan fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar. Aðalstjórn getur þó veitt nýrri deild bráðabirgðaráðild fram að næsta aðalfundi.

### 11. grein.

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og allt að fjórum meðstjórnendum. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundi. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skylt er að halda stjórnarfundi reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundi og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórnar.

Heimilt er að stofna unglingarád innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingum starfsins hjá börnum og unglingum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 13. greinar laga þessara.

### 12. grein.

Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt féлага- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum UMFÍ og ÍÓÍ. Hver deild skal skila aðalstjórn félagatali sínu fyrir 30 janúar ár hvert.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Aðalfundur deildar skal samþykkja fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun nema með samþykki framkvæmdastjórnar.

Hver deild aftar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

- Árgjöldum deildar.
- Æfingagjöldum.
- Styrktarfélagsgjöldum.
- Ágóða af íþróttamótum viðkomandi deildar.
- Lottótækjum skv. skiptareglum og öðru fjármagni til skipta.
- Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

### 13. grein.

Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 31. mars fyrir liði starfsár. Knattspyrnudeild skal þó heimilt að halda aðalfund á starfsárinu, eftir lok keppnistímabils að hausti, en þó eigi síðar en 15. nóvember og skal þá leggja fram níu mánaða milliuppgjör. Knattspyrnudeild er samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan ársreikning a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

- Formaður deildarinnar setur fundinn.
- Kosinn fundarstjóri.
- Kosinn fundarritari.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
- Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar.

- Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
- Stjórnarkjör:
  - Kosinn formaður.
  - Kosinn gjaldkeri
  - Kosinn ritari.
  - Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
- Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

## 14. grein.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

## 5. kafli – Aðalfundur Umf. Selfoss

### 15. grein.

Aðalfundur Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

- Framkvæmdastjórn félagsins.
- Formenn allra deilda félagsins.
- 43 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn deildar tilnefnir skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hvernar deildar á aldrinum 6 til 16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagaskráningakerfinu Felix.

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði.

Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Dagskrá aðalfundar Umf. Selfoss skal vera sem hér segir:

Formaður setur fundinn. Kosinn fundarstjóri og einn til vara. Kosinn fundarritari og einn til vara. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar. Formaður flytur ársskýrslu félagsins. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar. Lagt fram álit kjörbréfanefndar. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Ávörp gesta. Tillögur lagðar fyrir fundinn. Verðlaunaafhending og lýst kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss. Kaffihlé. Umræður og afgreiðsla tillagna. Lagabreytingar. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda Stjórnarkjör:

- Kosinn formaður.
- Kosinn gjaldkeri.
- Kosinn ritari.
- Kosnir tveir meðstjórnendur
- Kosnir 2 skoðunarmenn og tveir til vara.
- Kosning í jóla- og þrettándanefnd. Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.

### 16. grein.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

### 17. grein.

Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.

## 6. kafli. – Aðalstjórn og framkvæmdastjórn

### 18. grein.

Framkvæmdastjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur sem kjósa skal á aðalfundi félagsins ár hvert og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda.

### 19. grein.

Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í föllum fomanns, skipa aðalstjórn Umf. Selfoss. Aðalstjórn Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega og skulu aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir

allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnarfundi.

### 20. grein.

Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Heimilt er aðalstjórn og framkvæmdastjórn félagsins að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

## 7. kafli – Heiðursviðurkenningar

### 21. grein.

Aðalfundur getur kosið heiðursfélag Umf. Selfoss hvern þann sem unnið hefur afbragðs starf í þágu félagsins og er það æðsti heiður sem félagið veitir. Til kosningar heiðursfélaga þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Heiðursfélag skal afhentur heiðursfélagafáni Umf. Selfoss með áletrun nafni. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum gjöldum til félagsins.

### 22. grein.

Eftirtaldir viðurkenningar skulu veittar eftir ákvörðun aðalstjórnar Umf. Selfoss:

- Björns Blöndal bikar skal veittur þeim manni eða konu innan félagsins eða utan, sem unnið hefur félaginu vel.
- UMFÍ bikarinn, „deild ársins“. Bikarinn er veittur fyrir mesta félagslega starfið.

Aðal- og framkvæmdastjórn er heimilt að veita merki félagsins fyrir gott starf í þágu félagsins.

### 23. grein.

Deildir félagsins velja íþróttakar og íþróttakonu ársins hver í sinni deild, setja reglur þar um og veita verðlaun. Deildir skulu skila tilnefningum íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss til aðalstjórnar eigi síðar en 31. desember. Með tilnefningum fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu.

Aðalstjórn félagsins skipar fimm manna valnefnd sem skal útnefna íþróttakar og íþróttakonu Umf. Selfoss. Hljóta þau til varðveislu farandgrip í eitt ár og að auki staðfestingargrip til eignar. Til greina koma eingöngu þeir sem tilnefndir hafa verið af deildum félagsins auk þeirra sem hafa náð framúrskarandi árangri þar sem ekki er starfandi deild.

Við valið skal tekið mið af eftirfarandi:

- Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
- Íþróttakar og íþróttakona Umf. Selfoss þurfa að hafa náð 14 ára aldri.
- Stöðu viðkomandi íþróttagreinar.

# Formenn – Viðurkenningar

## 8. kafli – Slit Umf. Selfoss

24. grein.

Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar íþróttá- og tómstundanevnd Árborgar til varðveislu.

## 9. kafli – Lagabreytingar og gildistaka

25. grein.

Lögum þessum má eingöngu breyta á lög-  
mætum aðalfundi félagsins og þarf til þess  
2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til  
breytinga á lögum félagsins skal senda  
aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund  
og skulu þær vera undirritaðar af flutnings-  
mönnum. Framkvæmdastjórn skal senda  
stjórnnum deilda tillögur til lagabreytinga  
til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðal-  
fund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi

tillögur til breytinga á lögum félagsins,  
sem síðar koma fram, ef það er samþykkt  
með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

26. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafn-  
framt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

*Samþykkt á aðalfundi Umf. Selfoss hinn 15.  
maí 2008.*

## Formenn Umf. Selfoss frá upphafi

1936	Vernharður Jónsson	1956-1958	Enginn kosinn, en Kristján Guðmundsson stýrði.	1984-1989	Björn Gíslason
1937	Björn Blöndal Guðmundsson	1959	Grimur Thorarensen	1990-1991	Elínborg Gunnarsdóttir
1938-1942	Grimur Thorarensen	1960-1961	Enginn kosinn.	1992-1995	Gísli Á. Jónsson
1943	Sigfús Sigurðsson	1962	Hafsteinn Þorvaldsson	1996	Gísli Á. Jónsson
1944-1945	Leifur Eyjólfsson	1963	Hörður S. Óskarsson		Þórður G. Árnason tók við á miðju ári.
1946	Arnold Pétursson kosinn en þaðst lausnar. Guðmundur Jónsson tók við.	1964	Sigfús Sigurðsson	1997-1998	Þórður G. Árnason
1947	Leifur Eyjólfsson	1965-1969	Kristján S. Jónsson	1999-2003	Sigurður Jónsson
1948	Helgi Ólafsson	1970-1976	Hörður S. Óskarsson	2004-2007	Þórir Haraldsson
1949-1952	Guðmundur Geir Ólafsson	1977-1979	Sigurður Jónsson	2008-2009	Axel Þór Gissurarson
1953-1954	Árni Guðmundsson	1980-1982	Sigmundur Stefánsson	2010-	Grimur Hergeirsson
1955	Hafsteinn Sveinsson	1983	Gunnar Kristjánsson		
			Bárður Guðmundsson tók við á miðju ári.		

## Björns Blöndal bikarinn

2010	Helgi S. Haraldson	1990	Smári Kristjánsson	unnið félaginu vel. Um bikarinn segir í ársskýrslu Umf. Selfoss 1976:
2009	Bergur Pálsson	1989	Gísli Á. Jónsson	„Sýning var haldin á verðlaunagripum félagsins og nýttkominni afmælisbók og tókst sýning þessi vel. Þá gerðist það á sýningu þessari, að eftirlifandi systkini Björns Blöndal gáfu félaginu sérstakan HEIÐURSBÍKAR - Björns Blöndal bikarinn - sem veita skyldi árlega (farandgripur):
2008	Þröstur Ingvarsson	1988	Aðalbjörg Hafsteinsdóttir	1. Þeim manni eða konu innan félagsins eða utan - virkur í starfi og sem að dómi stjórnar og deilda hefur unnið félaginu vel.
2007	Jóhannes Óli Kjartansson	1987	Sveinn Á. Sigurðsson	2. Gefendur bjóðast til að láta lettra á bikarinn nafn þess sem hlýtur hann ár hvert næstu 5 árin – eða til ársins 1981. Þá hlýtur og sá hinn sami heiðurspening til eignar.
2006	Ragnheiður Thorlacius	1986	Ingvar Gunnlaugsson	Um þetta sér Lárus Blöndal, bókaverslunin Skólavörðustíg 2, Reykjavík.
2005	Sigríður Jensdóttir	1985	Bárður Guðmundsson	3. Afhenda skal bikarinn 7. des. ár hvert (afmælisdag Björns heitins).“
2004	Bergur Guðmundsson	1984	Sigmundur Stefánsson	
2003	Stefán Ólafsson	1983	Sigurður Jónsson	
2002	Guðrún S. Þorsteinsdóttir	1982	Sigurður Ingimundarson	
2001	Ólafur Ragnarsson	1981	Guðmundur Kr. Jónsson	
2000	Gylfi Þorkelsson	1980	Kristján Jónsson	
1999	Þórarinn Ingólfsson	1979	Björn Gíslason	
1998	Ólafur Sigurðsson	1978	Þórður Gunnarsson	
1997	Svanur Ingvarsson	1977	Hörður Óskarsson	
1996	Guðmunda Auðunsdóttir	1976	Páll Lýðsson	
1995	Garðar Gestsson			
1994	Einar Jónsson			
1993	Þórður G. Árnason			
1992	Guðmundur Kr. Ingvarsson			
1991	Gunnar Guðmundsson			

## UMFÍ bikarinn – Deild ársins

2010	Júðódeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ	2005	Sunddeild - Fyrir gott starf við heimasíðuna og barna- og unglingsstarf.	1997	Fimleikadeild
2009	Taekwondodeild - Fyrir útbreiðslu, foreldrastarf og Fyrirmyndardeild ÍSÍ.	2004	Knattspyrnu deild – v/yngrí flokka	1996	Sunddeild
2008	Knattspyrnu deild - Fyrir eflingu kvennaknattspyrnu og Fyrirmyndardeild ÍSÍ	2003	Handknattleiksdeild – Fyrir gott félagsstarf	1995	Knattspyrnu deild
2007	Fimleikadeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ	2002	Fimleikadeild		
2006	Handknattleiksdeild - Fyrir stofnun handboltaakademíu og gott barna- og unglingsstarf.	2001	Knattspyrnu deild		
		2000	Frjálsíþróttadeild		
		1999	Knattspyrnu deild		
		1998	Knattspyrnu deild		

UMFÍ-bikarinn er veittur þeirri deild sem sýnir mesta félagslega starfið innan Umf. Selfoss. Bikarinn var gefinn af Ungmennafélagi Íslands á aðalfundi Umf. Selfoss 26. febrúar 1996. Kom hann í stað Hafsteinsbikarsins sem var tekinn úr umferð þá.

## Hafsteins bikarinn

Handhafar Hafsteins bikarsins frá upphafi:	1986 Frjálsíþróttadeild	1977 Knattspyrnudeild
1994 Körfuknattleiksdeild	1985 Handknattleiksdeild	1976 Sunddeild
1993 Fimleikadeild	1984 Frjálsíþróttadeild	
1992 Handknattleiksdeild	1983 Sunddeild	Hafsteins-bikarinn var veittur þeirri deild sem sýndi mesta félagslega starfið. Bikarinn gaf Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, félaginu að gjöf á aðalfundi þess 24. febrúar 1976.
1991 Frjálsíþróttadeild	1982 Knattspyrnudeild	
1990 Handknattleiksdeild	1981 Sunddeild	
1989 Frjálsíþróttadeild	1980 Handknattleiksdeild	
1988 Knattspyrnudeild	1979 Knattspyrnudeild	
1987 Handknattleiksdeild	1978 Frjálsíþróttadeild	

## Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar Umf. Selfoss

### Heiðursfélagar Umf. Selfoss

Bjarni Sigurgeirsson*	01. 06. 1971
Grímur Thorarensen*	01. 06. 1971
Guðmundur Jóhannsson*	01. 06. 1971
Guðmundur Geir Ólafsson*	01. 06. 1976
Kolbeinn I. Kristinsson	01. 06. 1976
Sigfús Sigurðsson*	01. 06. 1976
Hörður S. Óskarsson	01. 06. 1986
Sigurður Ingimundarson*	04. 12. 1988
Hafsteinn Þorvaldsson	03. 05. 2007
Kristján S. Jónsson	03. 05. 2007
Tómas Jónsson	03. 05. 2007

\* Látinn.

### Gullmerkjahafar Umf. Selfoss

Bárður Guðmundsson	01. 06. 1986
Björn Gíslason	01. 06. 1986
Guðmundur Kr. Jónsson	01. 06. 1986
Gylfi Þ. Gíslason	01. 06. 1986
Hafsteinn Þorvaldsson	01. 06. 1986
Helgi Björgvinsson	01. 06. 1986
Hergeir Kristgeirsson	01. 06. 1986
Hörður S. Óskarsson	01. 06. 1986

Ingólfur Bárðarson	01. 06. 1986
Kristján Jónsson	01. 06. 1986
Páll Lýðsson	01. 06. 1986
Sigurður Ingimundarson	01. 06. 1986
Sigurður Jónsson	01. 06. 1986
Arnold Pétursson	30. 12. 1989
Garðar Jónsson	30. 12. 1989
Sveinborg Jónsdóttir	30. 12. 1989

### Silfurmerkjahafar Umf. Selfoss

Guðmundur Geir Ólafsson	01. 06. 1971
Helgi Ólafsson	01. 06. 1971
Kolbeinn I. Kristinsson	01. 06. 1971
Leifur Eyjólfsson	01. 06. 1971
Sigfús Sigurðsson	01. 06. 1971
Arnold Pétursson	01. 06. 1976
Árni Erlingsson	01. 06. 1976
Brynleifur Jónsson	01. 06. 1976
Hafsteinn Sveinsson	01. 06. 1976
Ingibjörg Sveinsdóttir	01. 06. 1976
Ingólfur Bárðarson	01. 06. 1976
Kristján Guðmundsson	01. 06. 1976
Oddur Helgason	01. 06. 1976

Sigurður Árnason	01. 06. 1976
Sveinn J. Sveinsson	01. 06. 1976
Elínborg Gunnarsdóttir	01. 06. 1986
Þórður Gunnarsson	01. 06. 1986
Sigmundur Stefánsson	01. 06. 1986
Kristján Már Gunnarsson	01. 06. 1986
Guðmundur Kr. Ingvarsson	01. 06. 1986
Bjarni Sigurjónsson	01. 06. 1986
Sigurður Grétarsson	01. 06. 1986
Gísli Á. Jónsson	01. 06. 1986
Gísli Magnússon	01. 06. 1986
Marteinn Sigurgeirsson	01. 06. 1986
Hjalti Sigurðsson	01. 06. 1986
Tryggvi Gunnarsson	01. 06. 1986
Kári Jónsson	01. 06. 1986
Sumarliði Guðbjartsson	01. 06. 1986
Vésteinn Hafsteinsson	01. 06. 1986
Þráinn Hafsteinsson	01. 06. 1986
Hugi Harðarson	01. 06. 1986
Tryggvi Helgason	01. 06. 1986
Þórir Hergeirsson	01. 06. 1986
Diðrik Haraldsson	01. 06. 1986
Einar Jónsson	01. 06. 1986

## Viðurkenningar á aðalfundi 28. apríl 2011

### Íþróttamaður ársins 2010

Ragnar Jóhannsson, handknattleikur

Dagur Fannar Magnússon, frjálsar íþróttir, Daníel Geir Einarsson, kraftlyftingar, Daníel Jens Pétursson, taekwondo, Jóhann Ólafur Sigurðsson, knattspyrna, Þór Davíðsson, júdó.

### Íþróttakona ársins 2010

Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrna

Aðrar íþróttakonur tilnefndar af deildum: Arna Hjartardóttir, fimleikar, Bryndís Ólafsdóttir, kraftlyftingar, Díana K. Sigmarsdóttir, handknattleikur, Fjóla Signý Hannesdóttir, frjálsíþróttir, Hekla Þóll Stefánsdóttir, taekwondo, Ólöf Eir Hoffritz, sund.

### Björns blöndal bikarinn 2010

2010: Helgi S. Haraldsson

### UMFÍ bikarinn - deild ársins 2010

2010: Júðódeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ.

## Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi

2010 Ragnar Jóhannsson og Guðmunda Brynja Óladóttir	2002 Jóhann Ólafur Sigurðsson	1987 Vésteinn Hafsteinsson
2009 Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir	2001 Jón Guðbrandsson	1986 Vésteinn Hafsteinsson
2008 Sævar Þór Gíslason og Katrín Ósp Jónasdóttir	2000 Magnús Aron Hallgrímsson	1986 Vésteinn Hafsteinsson
2007 Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir	1999 Friðfinnur Kristinsson	1985 Birgitta Guðjónsdóttir
2006 Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingarsdóttir	1998 Magnús Aron Hallgrímsson	1984 Tryggvi Helgason
2005 Örn Davíðsson og Linda Ósk Þorvaldsdóttir	1997 Sigríður Anna Guðjónsdóttir	1983 Tryggvi Helgason
2004 Hjalti Rúnar Oddsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir	1996 Ingólfur Snorrason	1982 Tryggvi Helgason
2003 Ívar Grétarsson	1995 Bjarni Skúlason	1981 Tryggvi Helgason
	1994 Ingólfur Snorrason	1980 Hugi S. Harðarson
	1993 Sigurður Valur Sveinsson	1979 Hugi S. Harðarson
	1992 Einar Gunnar Sigurðsson	1978 Hugi S. Harðarson
	1991 Einar Gunnar Sigurðsson	1977 Hugi S. Harðarson
	1990 Einar Gunnar Sigurðsson	1976 Steinþór Guðjónsson
	1989 Vésteinn Hafsteinsson	
	1988 Vésteinn Hafsteinsson	

# Fundargerð aðalfundar 2010

Fundargerð aðalfundar Ungmennafélags Selfoss sem haldinn var í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 29. apríl 2010 kl. 20:00.

1. Formaður félagsins, Axel Þór Gissurarson, setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.
2. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Ingvarsson og Örn Guðnason til vara.
3. Fundarritarar voru kosnir Svanur Ingvarsson og Helena Sif Kristinsdóttir.
4. Í kjörnefnd voru kosnir Hallur Halldórsson, Sveinbjörn Másson og Bergur Guðmundsson.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar. Var fundargerðin samþykkt.

## 6. Formaður flytur árskýrslu félagsins.

Axel Þór Gissurarson, formaður félagsins, sagði að árið 2009 hefði verið gott starfsár hjá UMFS, rekstur félagsins og deilda þess verið til mikillar fyrirmyndar, ábyrgð deildana á rekstrinum mikil og frábært að sjá svona öflugt starf rekið með svo miklum myndarbrag. Allar deildir félagsins væru svo að segja skuldlausar og að það væri mikið lán í því erfiða rekstrarumhverfi sem nú ríkir. Hann sagði að ákvörðun hefði verið tekin um að við myndum sjálf færa bókhald deilda og hefði Hansína Kristjánsdóttir, gjaldkeri félagsins, sinnt því í hálfu starfi. Við það hefði sparast bæði umtalsverðir fjármunir og utanumhaldið allt orðið einfaldara. Þetta fyrirkomulag hefði mælst mjög vel fyrir og tekist í alla staði mjög vel.

Axel sagði að starfið væri að vaxa með hverju árinu, með vexti bæjarfélagsins fjölga iðkendum og deildirnar stækkuðu, faglegur metnaður ykist og árangurinn léti ekki á sér standa. Á flestum vígstöðvum séum við komin í hóp með þeim bestu og að þar séum við komin til að vera. Hann sagði að starfið vekti orðið mikla athygli og að mörg félög horfi til þess hvernig félagið okkar starfar. Sex deildir hafa nú fengið útnefningu sem fyrirmyndadeildir ÍSÍ. Á árinu bættust taekvandodeild og frásípróttadeild nú seinast í hópinu. Hann sagði að það að svona félag blómstri eins og raun ber vitni byggist á mikilli sjálboðavinnu hjá stórum hópi fólks sem ver miklu af sínum frítíma í að stjórna og skippuleggja starfið í deildunum. Þessi vinna sé ómetanleg og vildi hann þakka þessu fólki öllu fyrir sitt framlag.

Hann sagði að aðstaða til íþróttaiðkunar færi alltaf batnandi og að nú stæðu yfir miklar framkvæmdir á íþróttavallasvæðinu. Mikilið og gott samstarf hefði verið milli bæjaryfirvalda og ungmennafélagsins um þessi mál og hefði samráðshópur um íþróttavallasvæðið skilað góðum árangri, bæði í því að bæta svæðið og í nýtingu fjármuna. Þörf fyrir uppbyggingu væri alltaf til staðar og að ekki væri langt í að við þurfum eitt íþróttahúsið í viðbót til að deildirnar geti vaxið og dafnað.

Axel sagði að samstarf bæjarfélagsins og ungmennafélagsins væri gott og að þjónustusamningurinn tryggði okkar á milli rekstrargrundvöll félagsins. Ýmis verkefni væru unnin í tengslum við samninginn, þ. á m. íþrótt- og tómskundaskólinn, en þar hefðu deildirnar sameinað krafta sína og kynnt sitt starf fyrir íþróttafólki framtíðarinnar ásamt leikjun og ýmsu öðru. Hefði þetta tekist vel og yrði áframhald á þessu starfi í sumar.

Axel vildi koma á framfæri kærur þakklæti til félaga sem styrktu félagið árið 2009. Fyrstan nefndi hann Hafstein Þorvaldsson heiðursfélaga sem að styrkti sjö deildir um Ungmennafélagsins um hundruð að þúsund krónur hverja. Einnig styrkti hann Umf. Vöku, Umf. Biskupstungna og unglingsstarf HSK um sömu upphæð. Þetta gerði hann til minningar um eiginkonu sína Ragnhildi Ingvarsdóttir sem hefði orðið áttæð þann 13. ágúst. Af þessu tilefni var haldið veglegt hóf í Tíbrá. Annar heiðurfélagi Kristján S. Jónsson styrkti knattspyrnudeildina myndarlega í tilefni þess að liðið komst í úrvalsdeild. Á herrakvöldi knattspyrnudeildar sem haldið var þann 30. október afhentu synir Sigurðar heitins Karlssonar deildinni styrk að upphæð ein milljón króna til minningar um föður sinn.

Axel kvaðst hafa stiklað á stóru um starf deildarinnar, en ítelegri lesning væri í ársskýrslunni. Hann sagði einnig að þar sem hann hefði ákveðið að bjóða sig ekki fram til endurkjörs formanns vildi hann færa því fólki sem hann hefði starfað með þakki fyrir gott samstarf. Sagði hann að þetta væri búinn að vera góður tími og að hann hefði liðið hratt.

7. Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar. Þakkaði hún jafnframt gjaldkerum deilda gott samstarf.

8. Hallur Halldórsson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa. Alls voru mættir 48 fulltrúar af 55 sem áttu rétt til setu á fundinum.

9. Engar umræður urðu um skýrslu formanns eða reikninga félagsins. Voru þeir samþykktir samhljóða.

10. Ávörp gesta.

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, tók til máls og bar kveðju á fundinn frá stjórn HSK. Lýsti hún yfir ánægju sinni með frábært starf á Selfossi og þakkaði góða ársskýrslu. Hún sagði að allt utanumhald væri gott hjá félaginu. Einnig ræddi hún góðan íþróttalegan árangur félagsins og minntist m.a. á knattspyrnu, handknattleik og fimleika. Þá sagði hún frá 100 ára afmæli HSK 2010 og að söguritun væri í fullum gangi, haldin yrði sérstök afmælisskipti í sumar og að áhersla yrði lögð á að allt mótafald nefnda innan sambandsins væri með afmælissniði. Guðríður sagði frá heimsókn sinni til USVS og að hún hefði lýst því yfir að HSK ætlaði að vinna Landsmótið sem haldið yrði á Selfossi 2013. Einnig sagði hún frá umsókn HSK um að fá að halda Unglingalandsmót á Selfossi 2012.

Ragnheiður Thorlacius, framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar, ræddi um góðan árangur félagsins og þakkaði gott starf. Hún bar kveðjur frá Ragnheiði Hergeirsdóttur bæjarstjóra og Braga Bjarnasyni íþrótt- og tómskundafulltrúa Árborgar sem komust ekki á fundinn. Hún sagði að Umf. Selfoss væri í fararbroddi með starf sitt á erfiðum tímum. Vænti hún góðs af starfi félagsins á árinu 2010.

11. Tillögur lagðar fyrir fundinn. Fundarstjóri las upp tillögurnar.

## Tillaga 1.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 29. apríl 2010 þakkar öllum sem stutt hafa starf félagsins með þátttöku í starfinu og setu í stjórn. Einnig stuðningsaðilum, fyrirtækjum, Sveitarélaginu Árborg, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.

## Tillaga 2

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 29. apríl 2010 þakkar bæjarstjórn Árborgar veittan stuðning við starfsemi félagsins. Sérstakar þakkar eru færðar vegna framlags til fyrirmyndardeilda og meistaraflakka.

## Tillaga 3

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 29. apríl 2010 fagnar þeim áfanga sem Sveitarfélagið Árborg hefur náð við uppbyggingu íþróttasvæðisins við Engjaveg. Nýju vellirnar sem nú er unnið við munu bæta verulega aðstöðu til knattspyrnu- og frjálssíþróttaiðkunar.

Jafnframt er bent á nauðsyn þess að reist verði knattspyrnuhúsi í fullri stærð, sundlaugarmannvirki endurbætt og að aðstaða fyrir juddó og taekwondo verði bætt. Auk þess sem fyrirsjáanlegt er að þrátt fyrir tilkomu nýs íþróttahúss við Sunnúlækjarskóla munu íþróttahúsið á staðnum ekki fullnægja þörfum félagsins fyrir æfinga- aðstöðu innanhúss.

## Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 29. apríl 2010 samþykkir að árgjald (félagsgjald) innan félagsins verði kr. 2.000 fyrir árið 2010.

## Tillaga 5

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 29. apríl 2010 samþykkir að fela aðalstjórn að láta vinna sérstakar verklagsreglur og leiðbeiningar um meðferð fjármuna og bókhalds innan allra deilda og ráða innan félagsins.

## Tillaga 6

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 29. apríl 2010 skorar á bæjarstjórn Árborgar að leita allra leiða til að lengja aftur opnunartíma Sundhallar Selfoss þannig að sem flestir bæjarbúar og gestir okkar geti notið þeirrar aðstöðu sem þar er að finna. Sund er vinsæl almenningsíþrótt, ódýr og holl hreyfing sem allir geta stundað, óháð aldri og líkamlegri getu. Að fara í sund er fjölskylduvæn samvera og ódýr dægurstytting. Sund er mikilvægur þáttur í endurhæfingu afreksíþróttamanna sem vegna meiðsla geta ekki stundað sína íþrótt. Sundhöllin er einnig eitt aðal aðdráttarafið bæjarins fyrir ferðamenn.

## Greinargerð með tillögunni:

Opnunartíma Sundhallarinnar var breytt tvisvar sinnum á síðasta ári. Fyrst var opnunartíminn lengdur um 15 mín. á virkum dögum frá 1. febrúar 2009 og opnunartíma um helgar breytt þannig að helgaropnun varð sú sama allt árið í stað þess að áður var sumar- og vetrartími. Opnunartími Sundhallarinnar frá 1. febrúar var sem hér segir; virka daga. kl. 06:45–21:30 og um helgar kl. 09:00–20:00. Þann 16. nóvember 2009 var síðan tilkynnt að opnunartíminn yrði stytur frá og með 1. janúar 2010 um 45 mínútur virka daga og um klukkutíma um helgar. Opnunartíminn var eingöngu stytur á kvöldin á virkum dögum. Opnunartíminn frá 1. janúar 2010 er sem hér segir; virka daga 06:45 – 20:45 og um helgar frá kl. 9:00–19:00. Einnig var ákveðið að hafa lokað á eftirfarandi frídögum; föstudaginn langa, páskadag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní og frídag verslunarmanna.

Til að sem flestir geti notið Sundhallarinnar teljum við nauðsynlegt að lengja opnunartímann á kvöldin og um helgar. Stytting á opnunartíma á kvöldin varð til þess að margt íþróttafólk getur ekki farið í sund eftir æfingar en það hjálpar íþróttafólki að jafna sig eftir erfiðar æfingar. Lokanir á á helstu frídögum takmarka þá möguleika sem fjölskyldur hafa til afþreyingar í bæjarfélaginu og skerða samkeppnishæfni okkar sem bæjarfélags.

*Brynja Hjálmtýsdóttir og Svanur Ingvarsson*

## 12. Verðlaunaafhending

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu verðlaun. Áður en kom að hefðbundinni afhendingu voru veittar sérstakar viðurkenningar til þriggja eintaklinga innan félagsins fyrir frábær störf að fréttaflutningi á árinu 2009. Þau sem viðurkenningarnar hlutu voru Tómas Þóroddsson, Sebastian Alexandersson og Olga Bjarnadóttir. Auk þess heiðraði félagið sérstaklega Guðmund Karl Sigurdórs-son fyrir að taka frábærar íþróttamyndir.

Hefðbundnar viðurkenningar voru eftirfarandi.

- 1) Bergur Pálsson fékk afhentan Björns Blöndal bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- 2) Taekwondodeild fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins.
- 3) Ágústa Tryggvadóttir, frjálsíþróttakona, fékk afhentan bikar sem íþróttakona Umf. Selfoss 2009 og Sævar Þór Gíslason, knattspyrnu- maður, fékk afhentan bikar sem íþróttakar Umf. Selfoss 2009.

## Kaffihlé

Svanur Ingvarsson tók til máls fyrir hönd jólasveinanevndar. Færði hann félaginu pottasett að gjöf frá nefndinni og hlaut góðar þakkir og lófaklapp fyrir. Formaður félagsins veitti gjöfni viðtöku.

## 13. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Tillögur 1, 2, 3, 5 og 6 bornar upp og voru allar samþykktar samhljóða. Tillaga 4 tekin fyrir undir dagskrárlíð 16.

## 14. Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir.

15. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar var borin upp og samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlunir deilda staðfestar.

16. Tillaga 4 um árgjald var borin upp og samþykkt samhljóða.

## 17. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Grímur Hergeirsson.

Gjaldkeri: Hansína Kristjánsdóttir.

Ritari: Sandra D. Gunnarsdóttir

Meðstjórnendur: Sveinn Jónsson og Jóhannes Óli Kjartansson.

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða: Brynja Hjálmtýsdóttir og Helga Baldursdóttir. Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanevndar var samþykkt: Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

## 18. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri, Örn Guðnason, tók til máls og byrjaði á því að óska nýjum formanni til hamingju með kjörið. Jafnframt þakk-

aði hann fráfarandi formanni og varaformanni góð störf og óskaði þeim alls hins besta. Örn sagði að innan félagsins væru nú sex fyrir- myndardeildir og stutt væri í að sú sjöunda bættist í hópinn, en það er júdódeild. Hann ræddi einnig um fjármál og meðferð fjármuna og sagði að innan aðalstjórnar hefði farið fram umræða um þau mál og í framhaldinu ákveðið að semja sérstakar verklagsreglur um fjármál og bókhald. Þær væru hugsaðar sem leiðarvísir og hjálpartæki fyrir gjaldkera og stjórnir. Einnig minntist hann á vallar- framkvæmdir sem væru stórt framfaraskref fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir á Selfossi. Hann sagði að aðstaðan fyrir júdó og taekwondo í Gagnheiði væri orðin alltof lítil og að aðrir möguleikar varðandi húsnæði væru í skoðun. Örn ræddi aðeins um frábær- an árangur meistaraflokkanna í fótbolta, handbolta og fimleikum. Þakkaði hann öllum þeim sem að því starfi koma fyrir frábær störf þ.e. keppendum, þjálfurum, stjórnnum, ráðum og öðrum.

Hallur Halldórsson, formaður handknattleiksdeilda, óskaði nýkjörnum formanni félagsins til hamingju með kjörið. Hann sagði frá því að handknattleiksdeildin hefði sett sér það markmið 2006 að komast í úrvalsdeild 2010 og að það hefði náðst. Í vetur hefðu um 25 strákar tengst meistaraflokki og að stefnt væri á að vera með tvö lið næsta tímabil, eitt í úrvalsdeild og eitt í 1. deild. Hann sagði að Selfoss væri komið til að vera í úrvalsdeildinni.

Grímur Hergeirsson, nýkjörinn formaður, tók til máls og þakkaði traustið sem honum væri sýnt. Hann sagði að starf Ungmennafélags Selfoss væri með því öflugasta á landinu og að það mætti þakka miklu starfi innan félagsins. Hann sagði að ekki aðeins væru meistaraflokkarnir í knattspyrnu, handknattleik og fimleikum að ná góðum árangri, heldur væri yngri flokka starf líka mjög gott. Við ættum lið í fremstu röð og að spennandi tímar væru framundan. Hann þakkaði fráfarandi formanni og varaformanni góð störf sem og öllum sem hafa komið að starfinu. Einnig óskaði hann verðlaunahöfum til hamingju og sagðist hlakka til að starfa fyrir félagið.

Brynja Hjálmtýsdóttir, skoðunarmaður reikninga, óskaði knattspyrnudeild, handknattleiksdeild og fimleikadeild til hamingju með frábæran árangur meistaraflokka. Hún lýsti yfir mikilli ánægju með framsetningu reikninga, sagði að núverandi fyrirkomulag væri mjög gott og reksturinn ótrúlega góður. Einnig sagði hún að verklagsreglur um fjármál og bókhald væru mjög þarfar.

Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeilda, þakkaði fráfarandi formanni fyrir gefandi samstarf og óskaði nýkjörnum formanni til hamingju. Hann hvatti fundarmenn til að mæta á fyrsta heimaleik Selfoss í úrvalsdeildinni þann 11. maí sem og á leiki í sumar. Sagði hann frá sérstöku heimaleikjaráði sem starfaði að undirbúningi og framkvæmd heimaleikja. Allar tillögur og hugmyndir væru vel þegnar. Hvatti hann fólk til að búa til góða stemningu á Selfossi í sumar.

Axel Þór Gissurarson, fráfarandi formaður, þakkaði öllum samstarfsmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Síðan óskaði hann Grími Hergeirssyni, nýkjörnum formanni, velfarnaðar í starfi og afhenti honum að lokum lykil að félagsheimilinu Tíbrá.

Björn Gíslason, fyrrverandi formaður, óskaði verðlaunahöfum til hamingju með viðurkenningarnar. Sagðist hann vera stoltur og hræður yfir því góða starfi sem færi fram á vegum Ungmennafélagsins og því væri stórkostlegt að vera íbúi á Selfossi. Gott starf félagsins og glæsilegur íþróttarárangur vekti athygli um land allt. Hann sagði að starfsemi félagsins væri mjög breið, margar deildir væru starfandi og árangur alls staðar góður bæði félagslega og íþróttalega. Björn þakkaði fráfarandi formanni góð störf og kvaðst vænta góðs af nýjum formanni. Að lokum minntist hann á aðstöðuna og sagði að hún ætti eftir að efla starfið. Óskaði hann svo öllum til hamingju og bað Guð að fylgja félaginu.

Að lokum ítrekaði Guðmundur Ingvarsson fundarsjóri hamingjuóskir til verðlaunahafa, þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf og óskaði nýkjörnum formanni til hamingju.

Fundi slitið kl. 22:10.  
SI/HSK/ÖG



Veistu hvað þú  
eyðir miðað við aðra?



**MENIGA** | Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga er eina heimilisbókhaldið sem gerir þér kleift að bera útgjöld þín saman við útgjöld annarra notenda.

Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is  
www.islandsbanki.is  
Sími 440 4000

  
Íslandsbanki